

Ákvæði laga um grunnskóla, reglugerða sem byggðar eru á þeim og aðalnámskrár grunnskóla um símenntun og starfsþróun í grunnskólum.

Efnisyfirlit

1. Lög um grunnskóla nr. 91/2008
2. Reglugerðir byggðar á lögum um grunnskóla:
 - Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla
 - Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum
 - Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, sbr. reglugerð nr. 148/2015 um breytingu á reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla
 - Reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða, sbr. reglugerð nr. 599/2014 um breytingu á reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða. Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum var sett á grundvelli reglugerðarinnar
 - Reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín, sbr. reglugerð nr. 657/2011 um breytingu á reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín
 - Reglugerð nr. 242/2009 um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla
 - Reglugerð nr. 658/2009 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald
 - Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, sbr. reglugerð nr. 986/2010 um breytingu á reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum
3. Aðalnámskrá grunnskóla 2011
4. Yfirlit yfir fjárveitingar til Sprotasjóðs, Þróunarsjóðs námsgagna og Námsgagnasjóðs, þróun fjárveitinga.

1. Lög um grunnskóla nr. 91/2008

2. gr. Markmið.

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífældri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótaðar af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að viðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

4. gr. Yfirstjórn.

[Ráðherra] fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til, setur grunnskólum aðalnámskrá, leggur grunnskólum til námsgögn, hefur eftirlit með gæðum skólastarfs, annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga, styður þróunarstarf í skólum og hefur úrskurðarvald í ágreiningsmálum eftir því sem lög þessi kveða á um. [Ráðuneyti] hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög þessi, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla kveða

á um. Ráðherra skal á þriggja ára fresti leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum landsins sem byggist m.a. á skýrslum sveitarfélaga um skólahlald skv. 37. gr.

5. gr. Sveitarfélög.

Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahlalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu. Sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólahlald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Sveitarstjórn skal koma á samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Sveitarfélög bera ábyrgð á samstarfi skóla við aðila utan hans.

Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn skv. 3. gr., sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í lögum þessum. [Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarnefnd kanna aðstæður í samráði við skólayfirvöld á viðkomandi stað og leggja mat á möguleika viðkomandi grunnskóla til að koma til móts við þarfir barnsins.]

Liggi ekki fyrir ákvörðun stjórnvalds um lögheimili barns kveður sveitarstjórn á um skólaskyldu þess, enda búi barnið í sveitarfélaginu og leitað hafi verið eftir innritun þess í skóla, sbr. 19. gr. Synjun sveitarstjórnar er kæránleg eftir fyrimælum 47. gr. Í úrskurði getur [ráðuneytið]2) lagt fyrir sveitarfélag að tryggja barni skólavist innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn í sveitarfélagi þar sem barn á lögheimili getur samið við annað sveitarfélag um að veita barninu skólavist þannig að viðtökusveitarfélag hafi sömu skyldur gagnvart skólavist þess og ætti það lögheimili þar.

[Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessarar greinar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, Barnaverndarstofu og önnur stjórnvöld þar sem m.a. skal kveðið á um skólagöngu fósturbarna, bæði fagleg og fjárhagsleg málefni og samstarf aðila. Úrskurðarnefnd skipuð fulltrúum frá ráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Barnaverndarstofu sker úr um ágreiningsmál.]

6. gr. Skólanefnd.

Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Meginhlutverk skólanefndar er sem hér segir:

- a. að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,
- b. að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla,
- c. að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
- d. að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu,
- e. að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda,
- f. að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,
- g. að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Skólanefnd skal kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum og samþykktum viðkomandi sveitarfélags. Varamenn í skólanefndum skulu vera jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt.

Skólastjórar, grunnskólakennarar og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Þegar skólanefnd fær til meðferðar kærúmal samkvæmt ákvæðum laga þessara gilda um meðferð kærúmalsins reglur stjórnsýslulaga. Um sérstakt hæfi nefndarmanna og annarra fulltrúa sem rétt hafa til að sitja fundi nefndarinnar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

7. gr. Skólastjóri.

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Skólastjóri gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjóri ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans og skal einn þeirra vera staðgengill skólastjóra.

Hafi grunnskóli færri en 60 nemendur, og ef ekki er annar stjórnandi, ákveður skólastjóri í upphafi skólaárs hver af föstum kennurum skólans skuli annast skólastjórn í forföllum hans.

8. gr. Skólaráð.

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.

Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. [Heimilt er, með rökstuddri greinargerð, að sækja tímabundið um undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar til ráðuneytis. Í greinargerð þarf að koma fram með hvaða hætti verkefnum skólaráðs verði sinnt. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir veitingu undanþágu, svo sem fámenni eða sérstaða.]

Ráðherra setur reglugerð¹ um starfsemi skólaráða í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra.

11. gr. Ráðning.

Um ráðningu skólastjóra og starfsfólks grunnskóla fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykkt um stjórn sveitarfélags eftir því sem við á.

[Um skilyrði þess að hljóta ráðningu sem skólastjóri, kennari eða náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla fer samkvæmt gildandi lögum þar um.]

Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við grunnskóla sem hlotið hefur refsíðm fyrir brot á ákvæðum XXII. Kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

12. gr. Starfsfólk.

Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.

Starfsfólk grunnskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskylda starfsfólks grunnskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal skólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum.

Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum.

¹ Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1157-2008>

13. gr. Réttur nemenda.

Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskóli skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Nemendur eiga rétt á því að njóta bernsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans. Þess skal gætt að vinnuálag í skóla sé hæfilegt þannig að nemendur fái nægjanlega hvíld frá skipulögðu starfi innan hvers skóladags og skólaárs, svo sem með samfelldu jóla- og páskaleyfi. Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstílhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.

Hver nemandi skal hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila.

[Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms og starfsráðgjafa.

14. gr. Ábyrgð nemenda.

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans sem leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda.

Meðan mál skv. 3. mgr. er óútljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann foreldrum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Um slíka ákvörðun gilda ákvæði stjórnarsýslulaga.

Skólanefnd er skylt innan hæfilegs tíma að tryggja nemanda, sem vikið hefur verið úr skóla, viðeigandi kennsluúrræði.

Ákvörðun skv. 4. mgr. er kæránleg eftir fyrirmælum 47. gr. Hafi sveitarfélag ekki séð nemanda fyrir kennslu getur ráðuneytið í úrskurði sínum lagt fyrir sveitarfélag að tryggja nemanda nánar tiltekin kennsluúrræði innan tilskilins tíma.

Ráðherra mælir nánar fyrir um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð².

17. gr. Nemendur með sérþarfir.

Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Nemendur sem að mati læknis geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda eiga rétt til sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun. Sjúkrakennsla er á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags.

Telji foreldrar barns, skólastjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.

Verði ágreiningur um fyrirkomulag skólavistar barns skal við úrlausn hans gæta ákvæða stjórnarsýslulaga. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af áliti sérfræðinga og með heildarhagsmuni barnsins að leiðarljósi. Ákvörðun er kæránleg samkvæmt fyrirmælum 47. gr.

² Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum
<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=ee3c91b7-164b-46ab-9e21-59e3fd3720c2>

Ráðherra setur í reglugerð³ nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar og málsmeðferð. Þegar ráðuneytið kveður upp úrskurð í málum sem því berast á grundvelli þessarar greinar er því heimilt að mæla nánar fyrir um fyrirkomulag skólavistar nemanda og skyldur sveitarfélags í því efni.

18. gr. Foreldrar og meðferð upplýsinga.

Foreldrar skulu gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri.

Foreldrar eiga rétt á að velja grunnskóla innan sveitarfélags fyrir börn sín samkvæmt reglum sveitarfélagsins. Jafnframt skulu þeir eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og skólagöngu barna sinna.

Foreldrum er skylt að veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barnsins. Um persónuupplýsingar sem þannig er aflað eða fylgt hafa barni úr leikskóla er krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessum upplýsingum. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi skólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess. Ráðherra setur reglugerð⁴ um meðferð, eyðingu og miðlun upplýsinga og um rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. [Um rétt foreldris sem ekki fer með forsjá barns til upplýsinga um barn sitt samkvæmt þessum lögum fer samkvæmt fyrirmælum 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003.]

Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum. Þeir skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt.

Eigi í hlut foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.

20. gr. [Skólahúsnæði.]

Gerð skólamannvirkja er undirbúin af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd og skólaráð. Stofnkostnaður grunnskóla á vegum sveitarfélaga greiðist af viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarfélög annast einnig og kosta viðhald skólahúsnæðis og endurnýjun og viðhald búnaðar þess. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu við börn með sérþarfir og vinnuáðstöðu starfsfólks.

[Í öllum grunnskólum skal gera ráð fyrir skólasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks safns sem skal vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist námsgreinum og námssviðum aðalnámskrár grunnskóla.]

Grunnskólahúsnæði og skólalóðir skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum þessum, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.

Við hönnun, byggingu og endurnýjun skólahúsnæðis skulu sveitarfélög hafa samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins og aðila í grenndarsamfélagi.

Ráðherra setur reglugerð⁵ um húsnæði og búnað grunnskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem nánar skal kveðið á um aðstöðu, búnað, slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum.

³ Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, sbr. reglugerð nr. 148/2015 um breytingu á reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/585-2010>

⁴ Reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín, sbr. reglugerð nr. 657/2011 um breytingu á reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/mennta--og-meningarmalaraduneyti/nr/15939>

⁵ Reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, sbr. reglugerð nr. 599/2014 um breytingu á reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða.

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/657-2009>

24. gr. Aðalnámskrá.

Ráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá sem er endurskoðuð reglulega. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr. Í aðalnámskrá skal m.a. leggja áherslu á:

- a. sjálfsvitund, siðgæðisvitund, félagsvitund og vitund nemenda um borgaralega ábyrgð og skyldur,
- b. líkamlega og andlega velferð, heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi,
- c. þjálfun í íslensku í öllu námi,
- d. leikræna og listræna tjáningu,
- e. hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga rökréttar ályktanir,
- f. skilning og frjótt og skapandi starf, nýsköpun og frumkvöðlanám,
- g. jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,
- h. leik barna sem náms- og þroskaleið,
- i. nám sem nýtist nemendum í daglegu lífi og við frekara nám og starf,
- j. undirbúning beggja kynja jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,
- k. margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni og safna- og heimildavinnu,
- l. náms- og starfsfræðslu og kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvali.

Í aðalnámskrá og við skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og eigi þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi.

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Í öllu skólastarfi skal stuðla að heilbrigðum lífsháttum og taka mið af persónugerð, þroska, hæfileikum, getu og áhugasviðum hvers og eins.

25. gr. Markmið náms.

Í aðalnámskrá skal kveðið á um meginmarkmið náms og kennslu, uppbyggingu og skipan náms, svo og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skal gætt að námið verði sem heildstæðast, en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt. Í aðalnámskrá skal skilgreina þekkingar- og hæfniþætti á hverju námssviði. Nemendur skulu eiga þess kost að uppfylla námsmarkmið einstakra námsgreina og námssviða með mismunandi hætti. Í aðalnámskrá skal setja árangursviðmið um það hvenær nemandi telst hafa lokið einstökum námsgreinum eða námssviðum. Einnig skal setja viðmið vegna nemenda sem ljúka grunnskólanámi á skemmri tíma en tíu árum. Í aðalnámskrá skal gera grein fyrir samstarfi grunnskóla við leikskóla og framhaldsskóla og hvernig skuli staðið að aðlögun og flutningi milli skólastiga.

Í aðalnámskrá skal setja ákvæði um inntak og skipulag náms í íslensku, íslensku sem öðru tungumáli eða íslensku táknmáli, stærðfræði, ensku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, list- og verkgreinum, náttúrugreinum, skólaíþróttum, samfélagsgreinum, jafnréttismálum, trúarbragðafræði, lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt.

27. gr. Námsmat.

Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Nánari ákvæði um námsmat skulu sett í aðalnámskrá grunnskóla.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði einstakra nemenda öðrum en þeim sjálfum og foreldrum þeirra. Þó er heimilt að veita þessar upplýsingar vegna flutnings nemenda milli skóla og

Á grundvelli reglugerðar nr. 657/2009 var sett Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum http://www.menntamalaraduneyti.is/media/oryggishanbok/Oryggishanbok_grunnskola_2014.pdf

innritunar í framhaldsskóla, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Nemendur og foreldrar þeirra eiga rétt á upplýsingum um niðurstöður mats, matsaðferðir og matstæki, þar með talið að skoða metin verkefni og prófurlausnir. Þeir eiga jafnframt rétt á munnlegum skýringum á námsmati og að niðurstaða námsmats sæti endurskoðun innan grunnskólans. Slík endurskoðun telst ekki ígildi stjórnáskilnaðs í skilningi stjórnáskilnaðslaganna.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð⁶ um meðferð niðurstöðu námsmats í grunnskólum og miðlun upplýsinga um námsmat vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í framhaldsskóla og um rétt foreldra til þess að fá vitneskju um slíkar upplýsingar.

29. gr. Skólanámskrá og starfsáætlun.

Í hverjum grunnskóla skal gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólustarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

30. gr. [Skólabragur.

Öllum aðilum skólasamfélagsins ber að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag.

Skólastjórum og kennurum ber að eiga samráð við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Foreldrum ber með sama hætti að eiga samráð við skólann um skólagöngu barna sinna. Sama á við um aðra forsjáraðila barna í viðkomandi skóla.

Grunnskólar skulu hafa heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólustarfi. Skólar skulu einnig hafa áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum, um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun. Áætlun skal m.a. framfylgt með því að hver skóli setji sér skólareglur. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Þá skal í skólareglum koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í reglugerð⁷ sem sett er sameiginlega á grundvelli þessarar greinar og 14. gr. Þar skal m.a. mælt fyrir um starfrækslu fagráðs á vegum ráðuneytisins er verði ráðgefandi í eineltismálum.]

34. gr. Sprotasjóður skóla.

Sprotasjóður skal styðja við þróun og nýjungar í skólustarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá. Til sjóðsins renna fjármunir sem veittir eru á fjárlögum hverju sinni. [Ráðuneyti] hefur umsjón með sjóðnum og setur reglugerð⁸ um styrkveitingar. Sjóðurinn er sameiginlegur fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

⁶ Reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín, sbr. reglugerð nr. 657/2011 um breytingu á reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/mennta--og-menningarmalaraduneyti/nr/15939>

⁷ Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=ee3c91b7-164b-46ab-9e21-59e3fd3720c2>

⁸ Reglugerð nr. 242/2009 um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla. <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/242-2009>

Í reglugerð er heimilt að fela stofnun á vegum ráðuneytisins eða öðrum þar til bærum aðila umsjón með sjóðnum og að annast úthlutanir úr honum.

35. gr. Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

36. gr. Innra mat.

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli

35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

37. gr. Ytra mat sveitarfélaga.

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.

Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

38. gr. Ytra mat [ráðuneytisins].

[Ráðuneyti] annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

[Ráðuneyti] gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. [Ráðuneyti] skipuleggur einnig þátttöku í alþjóðlegum mennta- og samanburðarrannsóknum.

Ráðherra setur reglugerð⁹ um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

40. gr. Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu.

Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.

Í grunnskólum skal frá upphafi skólagöngu nemenda unnið að forvarnastarfi með skimunum og athugunum á nemendum til að tryggja þeim kennslu og námsaðstoð við hæfi. Auk þess skal fara fram greining á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum sem hafa áhrif á nám þeirra. Allar athuganir á vegum skóla sem varða einstaka nemendur skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra og óheimilt er að taka gjald fyrir slíkar athuganir. Greina skal foreldrum frá niðurstöðum slíkra athugana.

Foreldrar nemenda geta óskað eftir greiningu samkvæmt þessari grein, auk þess sem skólastjóri, kennarar eða starfsmenn heilsugæslu geta lagt fram ósk um greiningu í samráði við og með samþykki þeirra. Sérfræðiþjónusta sér um að greining fari fram, skilar tillögu til skólastjóra um hvernig við skuli bregðast, fylgist með úrbótum og metur árangur.

Skólastjóri skal samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs. Jafnframt skal stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna

⁹ Reglugerð nr. 658/2009 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald.

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/658-2009>

málefna einstakra nemenda eftir því sem þurfa þykir. [Heimilt er, með rökstuddri greinargerð, að sækja um tímabundna undanþágu frá einstökum ákvæðum í reglugerð um nemendaverndarráð til ráðuneytis. Gildar ástæður þurfa að vera fyrir veitingu undanþágu, svo sem fámenni eða sérstaða.]

Sveitarfélög sem reka grunnskóla skulu hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðipjónustu, félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir og langvinn veikindi. Sveitarfélög skulu einnig hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðipjónustu við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda.

Við framkvæmd sérfræðipjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samfellu í skólastarfi að leiðarljósi.

Ráðherra setur reglugerð¹⁰ um sérfræðipjónustu og starfsemi nemendaverndarráða í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sé foreldri synjað um beiðni um greiningu skv. 3. mgr. verður sú ákvörðun kærð samkvæmt fyrirmælum 47. gr. Ráðuneytið getur í úrskurði mælt fyrir um að tilteknum nemanda skuli veitt greining í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

44. gr. Þróunarskólar.

Ráðherra getur veitt sveitarfélögum og sjálfstætt reknum grunnskólum heimild til að reka þróunarskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara, reglugerða settra á grundvelli þeirra og aðalnámskrár grunnskóla. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

Heimilt er að styrkja þróunarskóla og sérstakar nýjungar eftir því sem fjárlög heimila hverju sinni.

Ákvæði til bráðabirgða.

II. Sveitarfélög skulu greiða upphæð er svarar til 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir. Úr sjóði þessum skulu greidd laun kennara og skólastjóra við grunnskóla vegna námsleyfa allt að einu ári. Sjóðurinn ráðstafar einnig þeim fjármunum sem ríkið veitir til símenntunar kennara og skólastjóra. Samband íslenskra sveitarfélaga skipar fimm menn í stjórn sjóðsins, tvo tilnefnda af Kennarasambandi Íslands og þrjá af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stjórn sjóðsins setur sér starfsreglur og birtir þær.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að ákveða að framlög vegna námsleyfa kennara og skólastjórnenda renni í sérstakan sjóð sem sveitarfélög og viðsemjendur þeirra hafa samið um í kjarasamningum. Jafnframt má ákveða að fjármunum sem ákveðnir eru í fjárlögum til símenntunar kennara og skólastjóra verði ráðstafað með sama hætti.

Nú hafa sveitarfélög og viðsemjendur þeirra komið á fót sjóði, sbr. 2. mgr., og skal ráðherra þá birta auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda um að hann komi í stað sjóðs skv. 1. mgr.

[Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. skal framlag samkvæmt þeirri málsgrein, á fjárlagaárinu 2014, greitt af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, f.h. sveitarfélaga. Í samræmi við samkomulag frá 5. október 2011, um tímabundnar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og viðauka við það frá 5. mars 2014, verður framlagið innheimt af úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember á næstliðnu ári.]

¹⁰ Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, sbr. reglugerð nr. 986/2010 um breyting á reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/mennta--og-meningarmalaraduneyti/nr/16592>

2. Reglugerðir sem byggja á lögum um grunnskóla.

REGLUGERÐ um skólaráð við grunnskóla.

Nr. 1157 4. desember 2008

1. gr.

Hlutverk og skipan.

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólustjóra og skólasamfélags um skólahald.

Skólustjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólustjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Staðgengill skólustjóra stýrir skólaráði í forföllum skólustjóra.

2. gr.

Verkefni.

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

Skólaráð:

- a. fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið,
 - b. fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar,
 - c. tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið,
 - d. fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda,
 - e. fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum,
 - f. fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað,
 - g. tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.
- Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

3. gr.

Kosning.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Miðað skal við að skipað sé í ráðið í upphafi skólaárs fyrir lok septembermánaðar. Kosningum skal haga á eftirfarandi hátt:

- a. tveir fulltrúar kennara skulu kosnir á kennarafundi,
- b. einn fulltrúi annars starfsfólks skal kosinn á starfsmannafundi þess,
- c. tveir fulltrúar foreldra skulu kosnir samkvæmt starfsreglum foreldrafélags, sbr. 9. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla,
- d. tveir fulltrúar nemenda skulu kosnir samkvæmt starfsreglum nemendafélags, sbr. 10. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla,
- e. skólaráð skal sjálft velja einn fulltrúa úr hópi íbúa í grenndarsamfélaginu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Varamenn geta tekið sæti í skólaráði á einstökum fundum í forföllum aðalmanns. Varamaður tekur fast sæti við varanleg forföll eða missi kjörgengis aðalmanns, nema nýr sé kjörinn eða valinn í hans stað.

Fulltrúi í skólaráði missir hæfi sitt til setu í ráðinu ef tengsl hans við skólann rofna.

4. gr.

Starfsáætlun.

Skólustjóri stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Vinnulag og starfshættir skólaráðs skulu m.a. taka mið af stærð skóla, fjölda árganga og öðrum einkennum hans.

Skólaráð skal setja sér starfsáætlun til eins skólaárs í senn, m.a. um tíðni funda, boðun þeirra og undirbúning. Skólustjóri boðar reglulega til funda. Skólaráð skal að lágmarki halda einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins.

Skólaráð starfar á starfstíma skóla en heimilt er að kalla það saman á öðrum tíma beri brýna nauðsyn til. Skyld er að kalla saman fund ef þrír eða fleiri skólaráðsmenn óska þess.

Halda skal gerðabók um skólaráðsfundi og skulu fundargerðir liggja frammi í skólanum og á vef skóla.

Skólaráð getur sett sér nánari starfsreglur.

5. gr.

Þátttaka nemenda í skólaráði.

Fulltrúar nemenda skulu ávallt eiga þess kost að taka þátt í starfi skólaráðs þegar fjallað er um velferðar- og hagsmunamál nemenda, árlega starfsáætlun skóla, aðrar áætlanir er varða skólahaldið og um meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla.

Skólastjóri getur, að höfðu samráði við nemendur og aðra fulltrúa í skólaráði, leyst fulltrúa nemenda undan setu í skólaráði, t.d. þegar mál eru á vinnslustigi og þegar verið er að fjalla um mál þar sem nemendur telja sig ekki hafa forsendur til þátttöku. Fulltrúar nemenda hafa þó ávallt rétt á að taka þátt í starfi skólaráðs.

Fulltrúar foreldra í skólaráði gæta hagsmuna nemenda þegar þeir, vegna aldurs eða þroska, geta ekki tekið þátt í störfum skólaráðs, sbr. 13. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Skólaráð getur vísað erindum sem það hefur fjallað um, ásamt umsögn, til skólanefndar, foreldrafélags, starfsmannafundar eða nemendafélags.

6. gr.

Skólaráð í samreknum skóla.

Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreknum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög hafa samvinnu um rekstur hans, sbr. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 8. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 4. desember 2008.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2008

Guðmundur Árnason.

REGLUGERÐ

um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

Nr. 1040 21. október 2011

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til ábyrgðar nemenda með hliðsjón af aldri þeirra, þroska og aðstæðum. Þá tekur hún til réttinda og skyldna aðila skólasamfélagsins í allri starfsemi á vegum skóla, skólabrags, samskipta í skóla, skólareglna og málsmeðferðar vegna brota á þeim.

Reglugerð þessi tekur einnig til nemenda í grunnskólum sem fengið hafa viðurkenningu ráðherra skv. 43. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla.

Foreldrar samkvæmt reglugerð þessari teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að:

- a. nemendur geti notið bernsku sinnar í skólastarfi, notið hæfileika sinna og séu öryggir í öllu starfi á vegum skólans,
- b. stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi, hegðun og samskiptum með hliðsjón af aldri, þroska og aðstæðum að öðru leyti,
- c. allir í skólasamfélaginu kappkosti í sameiningu að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag, þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru leiðarljós,
- d. stuðla að góðu samstarfi og samráði milli foreldra og skóla um nám nemenda, hegðun og samskipti og stuðla að gagnkvæmu trausti allra aðila í skólasamfélaginu, gagnkvæmri virðingu, samábyrgð, kurteislegri framkomu og tillitssemi,
- e. haldið sé uppi námsaga þar sem tekið er tillit til þarfa nemenda, þroska og hæfni þeirra, með áherslu á mannréttindi, jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð og bann við mismunun af öllu tagi,
- f. hver grunnskóli setji sér skólareglur með skýrum viðbrögðum við brotum á reglunum, að úrræði og viðbrögð stuðli að jákvæðri hegðun og miði að því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda.

II. KAFLI

Ábyrgð, réttindi og skyldur.

3. gr.

Ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla.

Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Starfsfólki ber að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi og góðri umgengni.

Starfsfólk skal sýna nærgætni og gæta virðingar í framkomu sinni gagnvart nemendum, foreldrum og samstarfsfólki og gæta þagmælsku, nema þegar um er að ræða tilkynningarskyldu gagnvart barnaverndarlögum. Stjórnendum skóla ber að vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum og í þeirri vinnu skal taka sérstaklega mið af aldri og þroska nemenda. Ef mál koma upp í skólanum sem tengjast óæskilegri hegðun og framkomu nemenda skal fara með slík mál skv. 6. kafla reglugerðar þessarar.

Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Umsjónarkennarar skulu upplýsa foreldra reglulega um skólabrag og bekkjarbrag og leita eftir uppbyggjandi samstarfi við foreldrahópinn um hvorutveggja. Starfsfólki skóla ber að taka afstöðu gegn líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi í skólanum. Ef slík tilvik koma upp skal bregðast við þeim samkvæmt stefnu skólans, sbr. 3. kafla reglugerðar þessarar.

Skólastjórnendum og kennurum ber að upplýsa foreldra ef ítrekað er fundið að hegðun eða framkomu nemanda í öllu starfi á vegum skóla, þ. á m. í útiveru á skólatíma og í ferðum utan skólalóðar á vegum skólans.

4. gr.

Ábyrgð, réttindi og skyldur nemenda.

Nemendur skulu sækja grunnskóla nema veikindi eða önnur forföll hamli.

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi, framkomu sinni, háttsemi og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla, þ.m.t. rafrænum samskiptum og netnotkun með hliðsjón af aldri og þroska þeirra.

Nemendur eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í málum sem þá varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra. Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

Nemanda skal gefinn kostur á að tjá sig ef fundið er að hegðun hans vegna brota á skólareglum.

5. gr.

Ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra.

Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskylduafur og sæki skóla.

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig ásamt börnum sínum ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla.

Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Þeim ber að fylgjast með námsframvindu í samvinnu við þau og kennara. Foreldrar skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, sem og í skólafarfinu almennt í samráði við umsjónarkennara og skólafarjörndur.

Foreldrum ber að greina skólanum frá þeim þáttum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun, s.s. um vanlíðan barna sinna og áföll sem gætu haft áhrif á skólagönguna, sem og þegar breytingar verða á högum þeirra og aðstæðum.

Foreldrum er skylt að vinna að lausn mála í samstarfi við skóla, sérfræðiþjónustu og fræðslufirvöld sveitarfélaga þegar misbrestur verður á hegðun og framkomu barna þeirra.

Foreldrum ber ásamt barni að taka þátt í meðferð máls, en telji foreldrar eða stjórnendur skóla að ekki ríki trúnaður eða traust í tengslum við umfjöllun um mál barns er æskilegt að leita aðstoðar óvilhalls aðila.

III. KAFLI

Jákvæður skólabragur og samskipti.

6. gr.

Jákvæður skólabragur og starfsandi.

Í grunnskólum skal skilgreina í hverju jákvæður skólabragur felist og móta leiðir til að viðhalda honum.

Starfsfólk grunnskóla, nemendur og foreldrar skulu í sameiningu leggja áherslu á að viðhalda góðum starfsanda í skólanum og jákvæðum skólabrag.

Mikilvægt er að í grunnskólum sé fjallað um mál sem kunna að hafa áhrif á skólabrag, þ.m.t. mál sem koma upp utan skólatíma og í rafrænum samskiptum.

Mat á skólabrag skal tengjast öðru innra mati skólans.

Nánar er fjallað um skólabrag í aðalnámskrá grunnskóla.

7. gr.

Starf grunnskóla gegn einelti.

Allir skólar skulu hafa heildstæða stefnu fyrir skólann til að fyrirbyggja og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi og félagslegri einangrun. Skólar skulu setja sér aðgerðaáætlun gegn einelti með virkri viðbragðsáætlun til að takast á við eineltismál í skólanum.

Áætlunin skal ná til allrar starfsemi og alls starfsfólks skóla og skal kveða á um skyldur þess til að vinna gegn einelti með ábyrgum og virkum hætti. Áætlunin skal ná til allra nemenda og styrkja þá til að bera virðingu hver fyrir öðrum, sýna tillitssemi og samkennd og taka afstöðu gegn einelti. Áætlunin beinist einnig að foreldrum með það að markmiði að þeir séu virkir í samstarfi við skólann í að vinna gegn einelti og vinna með starfsfólki skóla að úrvinnslu eineltismála, eftir atvikum með formlegum samningi milli heimilis og skóla. Einnig skal í áætluninni vikið að aðilum í grenndarsamfélaginu sem starfa með börnum og unglíngum og þeir upplýstir um vinnu skólans gegn einelti og óskað eftir samráði við þá eftir því sem þörf krefur.

Aðgerðir skóla gegn einelti taka til skólans í heild, einstakra bekkjardeilda, námshópa og einstaklinga. **Hver kennari ber ábyrgð á að framfylgja með virkum og ábyrgum hætti aðgerðaáætlun skólans gegn einelti og skólafarjóri ber ábyrgð á að starfið sé samhæft.**

Kanna þarf reglulega eðli og umfang eineltis í skólum, kynna niðurstöður og nýta þær til úrbóta.

Aðgerðaáætlun gegn einelti er hluti af skólanámskrá og er kynnt sérstaklega eftir því sem þurfa þykir og skal birt opinberlega. Starfsfólk sérfræðiþjónustu skal aðstoða skóla í tengslum við aðgerðir gegn einelti og úrlausn einstakra mála eftir því sem þörf krefur.

Foreldrar eða skólar geta óskað eftir aðstoð sérstaks fagráðs sem starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla eða sveitarfélags, þrátt fyrir

ítrekaðar tilraunir og aðkomu sérfræðipjónustu. Ráðuneytið gefur út verklagsreglur um vísun mála til fagráðsins, málsmeðferð og eftirfylgni að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

IV. KAFLI

Skólareglur og hlutverk þeirra.

8. gr.

Gerð skólareglna og innleiðing.

Í hverjum grunnskóla skal setja skólareglur sem skylt er að fara eftir.

Skólastjóri hefur forgöngu um og ber ábyrgð á að skólareglur séu settar og þeim fylgt.

Reglurnar skulu unnar í samvinnu við skólaráð. Leitast skal við að ná sem víðtækastri sátt um þær í skólanum. Skólastjóri hefur þó endanlegt ákvörðunarvald um orðalag skólareglna ef ágreiningur kemur upp, að teknu tilliti til umsagnar fræðslufirvalda í sveitarfélaginu.

Ár hvert skulu skólareglurnar kynntar nemendum og foreldrum þeirra og birtar í starfsáætlun.

Umsjónarkennarar skulu fjalla um skólareglurnar, þýðingu þeirra og hlutverk með nemendum sínum eins oft og þurfa þykir.

Skólareglur skal endurskoða reglulega.

9. gr.

Inntak skólareglna.

Skólareglur skulu vera skýrar og afdráttarlausar, í samræmi við grunnskólalög og aðalnámskrá grunnskóla og í samræmi við réttindi barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Við samningu skólareglna skal hafa markmið og efni þessarar reglugerðar að leiðarljósi svo og ákvæði stjórnisýslulaga.

Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð, réttindi og skyldur. Í reglunum skal koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

Ráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu í samráði við aðila skólasamfélagsins útbúa almenn viðmið um skólareglur.

10. gr.

Viðbrögð við brotum á skólareglum.

Viðbrögð við brotum á skólareglum skulu unnin á sama hátt og skólareglurnar og kynnt nemendum og foreldrum þeirra.

Viðbrögð skulu vera markviss og til þess fallin að stuðla að jákvæðum skólabrag, bættri hegðun nemenda, aukinni ábyrgð og áhuga á menntun og miða að því að styrkja sjálfsmynd nemenda.

Viðbrögð við brotum á skólareglum skulu vera í samræmi við brotið og ávallt skal velja vægasta úrræðið sem er til þess fallið að ná fram settu markmiði. Gæta skal jafnræðis og samræmis í viðbrögðum og taka tillit til aðstæðna hvers og eins. Óheimilt er að nota skráningarkerfi á þann hátt að uppsafnaðir refsipunktur leiði sjálfvirk til agaviðbragða.

V. KAFLI

Brot á skólareglum.

11. gr.

Misbrestur á hegðun nemenda.

Brjótí nemandi af sér skal kennari ræða við nemanda um hegðun hans til þess að hann geri sér grein fyrir eðli brotsins og afleiðingum þess og átti sig á ábyrgð sinni. Kennari skal hafa samráð við foreldra í samræmi við eðli máls og leita aðstoðar skólastjórnenda og sérfróðra ráðgjafa skólans sem leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda. Leggja skal áherslu á að leitað sé eftir samkomulagi og sáttaleiðum.

Veita skal nemendum stuðning sýni þeir af sér óæskilega hegðun og/eða slaka ástundun og leitast við að koma skólagöngu þeirra í viðunandi horf í samstarfi við foreldra. Taka skal tillit til aðstæðna og þarfa nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Nýta skal til fullnustu allar þær leiðir sem skólinn hefur tiltækar til að leita lausna og ráða bót á hegðun nemenda, að teknu tilliti til þroska þeirra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, eða aðstæðna að öðru leyti. Hegði nemandi sér í ósamræmi við skólareglur utan skólatíma telst það almennt ekki brot á skólareglum, nema þegar t.d. er um að ræða einelti eða annað ofbeldi sem á sér stað á leið nemanda til og frá skóla. Fer þá um viðbrögð í samræmi við skólareglur.

Foreldrum skal ætíð svo fljótt sem auðið er gerð grein fyrir brotum barna sinna á skólareglum og viðbrögðum skólans og gefa skal foreldrum kost á að tjá sig ef börn þeirra brjóta skólareglur.

12. gr.

Ítrekuð brot nemenda á skólareglum.

Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt ber umsjónarkennara hans að leita orsaka og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans og eftir atvikum með samningum. Sérstaklega skal skoða þroska nemanda, náms- og kennsluhætti, skólabrag, samsetningu námshópa, aðstæður í nemenda- og félagahópnum, samskipti kennara og nemenda og samstarf heimila og skóla.

Verði samt ekki breyting á til batnaðar skulu kennarar leita aðstoðar skólastjórnenda og sérfróðra ráðgjafa skólans á vegum sérfræðipjónustu sveitarfélaga, sem skulu leita leiða til úrbóta, að teknu tilliti til hlutverks nemendaverndarráðs, skv. reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum og hlutverks barnaverndaryfirvalda.

Gagnvart nemanda sem virðir ekki skólareglur, þrátt fyrir undangengnar aðvaranir og áminningar, má grípa til þeirra viðbragða að taka nemanda úr kennslu og láta hann fást við önnur viðfangsefni það sem eftir lifir skóladags. Einnig er heimilt að vísa nemanda tímabundið úr kennslustundum í ákveðinni námsgrein. Jafnframt er heimilt að meina nemanda þátttöku í félags- og tómsundastarfi á vegum skólans vegna agabrota í félags- og tómsundastarfi. Tryggja skal að nemandi sé í umsjón starfsfólks á vegum skólans á skólatíma eða í öðru kennsluúrræði innan skólans. Einnig er hægt að kalla eftir því að foreldri sækji viðkomandi nemanda í skólann.

Ef nemandi virðir enn ekki skólareglur og ítrekuð brot hans á skólareglum eru alvarleg má vísa nemanda um stundarsakir úr skóla á meðan reynt er að finna lausn á máli hans, að hámarki eina kennsluviku. Ef allt um þrýtur og brot nemanda eru mjög alvarleg, s.s. ef hann veldur öðrum skaða eða eignatjóni, er heimilt að víkja honum ótímabundið úr skóla. Það skal þó ekki gert fyrr en allar aðrar leiðir hafa verið reyndar.

13. gr.

Líkamlegt inngríp í mál nemenda vegna óásættanlegrar og/eða skaðlegrar hegðunar.

Starfsfólki skóla er óheimilt að beita líkamlegum refsingum og líkamlegu inngrípi í refsingarskyni.

Ef starfsfólk skóla metur að háttsemi nemenda leiði af sér hættu fyrir samnemendur og/eða starfsfólk skóla ber starfsfólki skylda til að bregðast tafarlaust við slíku með líkamlegu inngrípi til að stöðva nemanda. Líkamlegu inngrípi skal aðeins beitt í trústu neyð og eingöngu þegar ljóst er að aðrar leiðir duga ekki til að forða nemanda frá því að skaða sig og/eða aðra. Starfsfólki skóla er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Skal þess ávallt gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til í samræmi við meðalhöfsreglu 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Láta skal tafarlaust af inngrípi er hættu hefur verið afstýrt. Skólastjóri skal sjá til þess að atvik samkvæmt þessari málsgrein séu skráð og varðveitt í skólanum svo og ferill máls og ákvarðanir sem teknar eru í kjölfarið, í samræmi við lög um persónuvernd nr. 77/2000. Atvikaskráning skal fela í sér lýsingu á aðdraganda, atburðinum sjálfum og mati á þeirri hættu sem orsakast hefði af athafnaleysi.

Mikilvægt er að starfsfólk vinni ekki eitt við slíkar aðstæður og kalli eftir aðstoð annars starfsfólks skólans eða viðeigandi utanaðkomandi aðstoð, t.d. frá lögreglu, heilsugæslu eða öðrum eftir atvikum.

Skólastjóri getur synjað nemanda um að sækja skóla tímabundið þegar rökstuddur grunur leikur á að hann sé undir áhrifum vímuefna á skólatíma og/eða stuðlar að dreifingu slíkra efna meðal nemenda. Heimilt er við slíkar aðstæður að höfðu samráði við foreldra að láta þar til bæra aðila meta reglulega ástand viðkomandi nemanda og meina honum að sækja skóla þar til fyrir liggur að hann sé ekki lengur undir áhrifum vímuefna.

Í hverjum grunnskóla skulu vera til verklagsreglur unnar af starfsfólki skóla vegna tilvika þegar nauðsynlegt er að grípa til tafalausra aðgerða þegar stöðva þarf óásættanlega hegðun nemanda, bregðast við hótunum eða rökstuddur grunur er um að nemandi sé undir áhrifum vímuefna. Í verklagsreglum skal kveðið á um málsmeðferð skv. 14. gr. Verklagsreglurnar skulu vera hluti af starfsáætlun hvers skóla.

Sambandi íslenskra sveitarfélaga er heimilt að taka saman leiðbeiningar fyrir skóla þar sem m.a.

er nánar kveðið á um verklagsreglur og viðbragðsáætlun innan skóla og viðeigandi utanaðkomandi aðstoð samkvæmt þessari grein.

VI. KAFLI Málsmeðferðarreglur.

14. gr.

Málsmeðferð vegna brota nemenda á skólareglum.

Væg viðbrögð og úrræði sem skólar beita til að halda uppi aga og almennum umgengnisvenjum teljast almennt ekki til stjórnvaldsákvæðana og falla því ekki undir 2. mgr. 1. gr. stjórnslulaga. Hið sama gildir þegar nemanda er vikið úr skóla það sem eftir lifir skóladags eða úr einstökum kennslustundum eða úr tilteknu félags- og tómstundastarfi á vegum skólans.

Brottvísun úr skóla telst stjórnvaldsákvörðun og gilda stjórnslulög um málsmeðferðina. Einnig skal gæta stjórnslulaga þegar nemanda er tímabundið eða ótímabundið meinað að sækja kennslustundir í tiltekinni námsgrein eða taka þátt í tilteknu félags- og tómstundastarfi á vegum skólans. Við meðferð máls samkvæmt 4. mgr. 12. gr. og 4. mgr. 13. gr. reglugerðar þessarar og beitingu viðurlaga samkvæmt þeim málsgreinum skal gæta ákvæða stjórnslulaga, þ.m.t. andmælaréttar, meðalhófs, jafnræðisreglu og rannsóknar- og upplýsingaskyldu. Um 2. mgr. 13. gr. gildir jafnræðisregla 11. gr. stjórnslulaga.

Ávallt skal leita samstarfs við foreldra nemanda um úrlausn máls. Skólastjóri skal sjá til þess að atvik sem skipta máli vegna úrlausnar mála séu skráð og varðveitt í skólanum, ferli máls og ákvarðanir sem teknar eru vegna brota á skólareglum, í samræmi við lög um persónuvernd og reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín.

15. gr.

Brottvísun um stundarsakir og ótímabundin brottvísun.

Áður en ákvörðun um brottrekstur nemanda skv. 4. mgr. 12. gr. er tekin skal gefa foreldrum kost á að kynna sér gögn sem liggja til grundvallar fyrirhugaðri ákvörðun og koma á framfæri athugasemdum og andmælum, skv. 13. gr. stjórnslulaga.

Meðan mál skv. 4. mgr. 12. gr. er óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann formlega og tafarlaust þá ákvörðun foreldrum nemanda og skólanefnd.

Nemanda skal að jafnaði ekki vikið úr skóla lengur en eina viku sé um að ræða tímabundna brottvísun. Ef fyrirsjáanlegt er að skólastjóra takist ekki að leysa mál nemanda á þeim tíma skal hann vísa því til skólanefndar sem beitir sér eins fljótt og við verður komið fyrir lausn málsins í samráði við sérfræðipjónustu sveitarfélaga í samstarfi við foreldra.

Sé nemanda vikið ótímabundið úr skóla skv. 4. mgr. 12. gr. skal skólastjóri strax tilkynna skólanefnd þá ákvörðun. Eftir að máli hefur verið vísað til skólanefndar ber hún ábyrgð á því að nemanda sé tryggð skólavist eða önnur viðeigandi kennsluúrræði eins fljótt og auðið er og aldrei síðar en innan þriggja vikna.

Óheimilt er að víkja nemanda að fullu úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað kennsluúrræði.

Takist ekki að leysa málið getur hvor aðili, foreldri eða skólanefnd, vísað ágreiningi til úrlausnar og úrskurðar ráðuneytisins.

16. gr.

Kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Ákvörðun skólastjóra skv. 4. mgr. 12. gr. er kæránleg til ráðuneytisins á grundvelli 47. gr. laga um grunnskóla. Við meðferð kærumáls er ráðuneytinu heimilt að afla sér álits sérfræðinga.

Hafi sveitarfélag ekki séð nemanda fyrir kennslu getur ráðuneytið í úrskurði sínum lagt fyrir sveitarfélag að tryggja nemanda nánar tiltekin kennsluúrræði innan tilskilins tíma.

17. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 6. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 270/2000 um skólareglur í grunnskóla.

REGLUGERÐ
um nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Nr. 585 28. júní 2010

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til nemenda sem þurfa sérstakan stuðning í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Ef nemendur þurfa á þjónustu að halda sem er umfram þau mörk sem skylda sveitarfélaga nær til samkvæmt 4. gr. fer um réttindi þeirra skv. gildandi lögum um málefni fatlaðra.

Reglugerð þessi tekur einnig til nemenda með sérþarfir í grunnskólum sem fengið hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra skv. 43. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.

Með *skóla án aðgreiningar* er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi.

Með *sérúrræði* er átt við skólavist sem kallar á málsmeðferð skv. V. og VI. kafla, þ.e. í sérdeildum sem reknar eru innan tiltekinna grunnskóla, skólavist í sérskóla þar sem slíkt úrræði er til staðar og sjúkrakennslu. Almennur stuðningur við nemendur í kennslustundum telst ekki til sérúrræða í þessum skilningi.

Með *sérkennurum og öðrum fagaðilum* er átt við þá sem hafa sérmenntun til þess að veita sérstakan stuðning í námi og sinna ráðgjöf til umsjónarkennara og annarra grunnskólakennara. Til fagaðila annarra en sérkennara teljast m.a. þroskaþjálfar, náms- og starfsráðgjafar og þeir sem starfa við sérfræðiþjónustu skóla og sérfræðistofnanir.

Með *fræðsluyfirvöldum* er átt við mennta- og menningarmálaráðuneyti, sveitarstjórnir, skólaskrifstofur og hlutaðeigandi skólastjóra.

Foreldrar samkvæmt reglugerð þessari teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga

3. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að nemendur:

- fái jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar þannig að komið sé til móts við náms-, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir þeirra,
- fái fjölbreytt nám við hæfi í hvetjandi námsumhverfi og í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu,
- geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu og verið félagslega virkir þátttakendur í skólasamfélaginu þar sem byggt er á styrkleikum þeirra,
- hafi jöfn tækifæri í grunnskólum í samræmi við alþjóðlega samninga um réttindi barna og fatlaðra.
- e.

4. gr.

Skyldur sveitarfélaga og réttindi nemenda.

Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu eða eru vistuð hjá fósturforeldrum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, fái sérstakan stuðning í skólastarfi í samræmi við metnar sérþarfir þeirra og eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Nemendur eiga rétt á:

- a. að komið sé til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í skóla án aðgreiningar án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis,
- b. að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur miðað við aldur þeirra og þroska og þeim veitt aðstoð, þar sem tekið er tillit til sérþarfa þeirra og aldurs,
- c. að þeir geti nýtt sér viðeigandi samskiptamáta, s.s. táknmál, blindraletur og viðeigandi tækjabúnað, aðlöguð námsgögn, aðstöðu og kennslu til að stuðla að sem bestri menntun, sjálfsstyrkingu og félagsþroska.

II. KAFLI

Þörf fyrir sérstakan stuðning.

5. gr.

Upplýsingar frá leikskóla til grunnskóla.

Persónuupplýsingar og greiningargögn sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynleg eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla skulu fylgja því, enda sé krafist þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun.

Um miðlun upplýsinga fer nánar eftir því sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn þeirra og reglugerð nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla.

6. gr.

Ábyrgð skólastjóra grunnskóla.

Skólastjóri skal hlutast til um að metið sé hvort í skólanum séu nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi í námi að halda. Jafnframt ber skólastjóri ábyrgð á því að brugðist verði við skjótt í samræmi við metnar sérþarfir og einnig stöðu nemenda að öðru leyti eftir því sem tilefni gefst til.

Skólastjóri hefur forgöngu um að skipuleggja stuðning í námi fyrir nemendur sem hefja nám og hafa sérþarfir samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.

Skólastjóri ber ábyrgð á því að mat á sérþörfum og skipulagning stuðnings fari ávallt fram í samráði við foreldra og kennara, þ.m.t. umsjónarkennara og sérkennara. Ennfremur að leitað sé til annarra fagaðila og skólaheilsugæslu eftir því sem við á.

7. gr.

Beiðni frá foreldrum.

Telji foreldrar að börn þeirra hafi sérþarfir og þurfi á sérstökum stuðningi í námi að halda geta þeir komið slíkri beiðni á framfæri við umsjónarkennara barnsins eða skólastjórnendur. Hver skóli skal setja sér starfsreglur um meðferð slíkra mála, m.a. um skráningu og varðveislu beiðna foreldra, annað verklag, samstarf og málshraða.

III. KAFLI

Skipan náms og kennslu.

8. gr.

Stuðningur - námsumhverfi.

Stuðningur við nemendur eða nemendahópa felst í sveigjanlegu og margbreytilegu námsumhverfi og kennsluháttum sem ætlað er að mæta þörfum allra nemenda.

Við skipulag stuðnings við einstaka nemendur eða nemendahópa skal stuðla að því að hann fari fram innan skólans án aðgreiningar. Við sérstakar aðstæður, svo sem vegna dvalar barns á heilbrigðisstofnun eða í úrræði á vegum barnaverndaryfirvalda, skal í því ljósi ákveða hvernig stuðningi verði háttáð.

Stuðningi við nemendur með sérþarfir skal sinnt af umsjónarkennara, sérkennara eða öðrum

kennurum eftir því sem við verður komið. Skólastjóri getur jafnframt ráðið aðra aðila til stuðnings nemendum telji hann það nauðsynlegt að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Heimilt er að skipuleggja og meta tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi að hluta sem nám að höfðu samráði við foreldra og sérfræðipjónustu sveitarfélaga.

9. gr.

Móttökuáætlun.

Auk almennrar móttökuáætlunar skv. 16. gr. laga um grunnskóla skulu grunnskólar útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Í slíkri áætlun skal m.a. gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulag kennslunnar, aðbúnaði, aðstöðu, notkun hjálpartækja, skipulagi einstaklingsnámskrár, kennsluháttum og námsmati, hlutverki umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarfi við foreldra. Tilgreina skal áform skólans um stuðning við nemendur til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tómstundastarfi skólans. Í slíkri áætlun skal einnig gera grein fyrir samstarfi við aðra aðila utan skólans.

10. gr.

Áætlun um stuðning í námi.

Í grunnskólum skal árlega vinna áætlun um stuðning í námi og kennslu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda. Skólastjóri ber ábyrgð á að áætlunin sé samin og felur umsjónarkennara, sérkennara eða öðrum fagaðila það verkefni í samvinnu við nemendaverndarráð.

Áætlunin skal taka til heildarskipulags náms og stuðnings við nemendur með sérþarfir. Ennfremur skal áætlunin taka til annarrar þjónustu við nemendur með fötlun.

Áætlunin skal grundvölluð á upplýsingum um heildaraðstæður nemenda og mati á stöðu þeirra í námi.

11. gr.

Sérstakur stuðningur og einstaklingsnámskrá.

Sérstakur stuðningur getur falið í sér breytingu á námsmarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla, námsgögnum, námsaðstæðum og/eða kennsluáferðum. Stuðningurinn er skipulagður til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans.

Gera skal rökstudda einstaklingsnámskrá fyrir hvern einstakling sem byggð er á upplýsingum um heildaraðstæður nemanda og athugun og mati á stöðu hans í námi og þroska. Námskráin skal reglulega endurskoðuð í samstarfi við foreldra og að höfðu samráði við nemendur eftir því sem við verður komið.

IV. KAFLI

Sérúrræði innan grunnskóla og sérskólar.

12. gr.

Skipulag þjónustunnar.

Sveitarstjórn ákveður fyrirkomulag þjónustu við nemendur með sérþarfir og getur stofnað sérskóla eða sérúrræði innan grunnskóla á vegum sveitarfélagsins, sbr. 42. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Skipulag þjónustunnar skal ákveðið í samráði við skólastjórnendur og fræðsluyfirvöld í sveitarfélaginu. Þjónusta sem fram fer í sérúrræði innan grunnskóla lýtur stjórn skólastjóra samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn setur starfsreglur fyrir sérskóla og sérúrræði innan grunnskóla þar sem m.a. er kveðið á um ráðgjöf og stuðning við starfsfólk og fyrirkomulag þjónustunnar. Starfsreglurnar skulu áður teknar fyrir í skólaráði viðkomandi skóla.

13. gr.

Skólavist utan lögheimilssveitarfélags.

Sveitarstjórn, þar sem barn á lögheimili, getur samið við annað sveitarfélag, sem rekur sérskóla eða sérúrræði innan grunnskóla, um að það veiti barni skólavist, óski foreldrar þess. Viðtökusveitarfélag hefur þá sömu skyldur um skólavist þess og ætti það þar lögheimili.

14. gr.

Skólanámskrá og starfsáætlun.

Sérskólar og sérúrræði innan grunnskóla starfa eftir markmiðum aðalnámskrár grunnskóla.

Sérskólar og grunnskólar, sem veita úrræði fyrir nemendur með sérþarfir, skulu setja sér skólanámskrá og starfsáætlun og skilgreina með hvaða hætti aðalnámskrá er aðlöguð þörfum nemenda, sbr. 29. gr. laga um grunnskóla.

15. gr.

Kennsla og lengd viðvera í sérskólum og sérúrræðum.

Í sérskólum og sérúrræðum innan grunnskóla skulu nemendur fá kennslu skv. 2., 24. og 25. gr. laga um grunnskóla. Sveitarstjórn getur ákveðið að jafnframt bjóðist önnur þjónusta, svo sem lengd viðvera utan daglegs kennslutíma, óski foreldrar þess. Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald vegna slíkrar þjónustu, sbr. 33. gr. laga um grunnskóla.

16. gr.

Kennsluráðgjöf.

Einstakir sérskólar og grunnskólar sem annast sérúrræði geta veitt leiðbeiningar og kennsluráðgjöf til starfsfólks skóla og foreldra innan sveitarfélags eða á landsvísu vegna náms og kennslu nemenda með sérþarfir.

Fræðslufyrirvöld hafa samstarf um þá ráðgjöf sem hér um ræðir og gera samninga um framkvæmd hennar.

17. gr.

Einstaklingsbundin tilfærsluáætlun.

Þegar nemandi nýtur sérúrræða, skv. ákvæðum þessa kafla, skulu kennarar, og aðrir fagaðilar ásamt nemandanum og foreldrum hans, taka þátt í mótun og gerð tilfærsluáætlunar sem byggir á einstaklingsáætlun og öðrum gögnum og skal miða við að undirbúningur hennar hefjist í 9. bekk.

Í áætluninni skulu vera upplýsingar um skólagöngu nemandans, núverandi aðstæður og stöðu og áform hans um frekara nám. Ennfremur aðrar upplýsingar vegna fyrirhugaðs náms hans við hæfi í framhaldsskóla og síðar fyrir þátttöku í atvinnulífi.

V. KAFLI

Fjárhagsmálefni.

18. gr.

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

Við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar gerir sveitarstjórn ráð fyrir fjárveitingum til kennslu nemenda með sérþarfir í grunnskólum. Fjármagni sem ákveðið er með þessum hætti skal varið til kennslu í grunnskólum, kennslu í sérúrræðum innan grunnskóla og ráðgjafar við skóla. Þá skal gert ráð fyrir fjárveitingum til annarra starfa vegna stuðnings við nemendur með sérþarfir eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar, þ.m.t. til sjúkrakennslu.

Í þeim sveitarfélögum sem reka sérskóla eða sérúrræði innan grunnskóla, skv. 42. gr. laga um grunnskóla, skal sveitarstjórn ennfremur gera ráð fyrir fjárveitingum til kennslu.

Í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga ber einnig að gera ráð fyrir því að það standi straum af viðbótarkostnaði við skólagöngu barns með sérþarfir sem stundar nám í öðru sveitarfélagi. Við uppgjör þess kostnaðar er heimilt að nota viðmiðunarreglur sem Samband íslenskra sveitarfélaga setur um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags.

VI. KAFLI

Málsmeðferð.

19. gr.

Umsókn foreldra og upplýsingar um úrræði.

Ef foreldrar, skólustjórnendur og sérfræðingar telja að barn fái ekki þjónustu við sitt hæfi með almennu námi í grunnskóla geta foreldrar sótt um sérúrræði innan grunnskóla eða sérskóla sem aðilar telja að veiti barninu þjónustu við hæfi.

Skólar skulu veita foreldrum upplýsingar og ráðgjöf um þau úrræði sem til boða standa vegna sérþarfa barns.

20. gr.

Innritun í sérskóla eða sérúrræði og útskrift.

Áður en nemandi er innritaður í sérskóla eða sérúrræði innan grunnskóla skal meta stöðu hans í námi. Við slíkt mat skal tekið tillit til aðstæðna nemanda og heildarhagsmuna og þess gætt að hann eigi þess kost að tjá sig um þá ákvörðun eftir því sem aðstæður leyfa. Foreldrum skulu kynntar niðurstöður úr slíku mati áður en til innritunar kemur. Allar athuganir skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra sem skulu hafa samráð við barn sitt að teknu tilliti til aldurs þess og þroska.

Sveitarfélög sem reka sérskóla eða önnur sérúrræði skulu setja reglur um innritun nemanda, svo og reglur um útskrift eða lok slíkrar aðstoðar þar sem gerð er grein fyrir aðkomu og mati fagaðila. Heimilt er að ákveða í slíkum reglum að ráð skipað fagaðilum skuli gera tillögu til skólastjóra um innritun og/eða útskrift nemanda úr sérskóla eða sérúrræði.

21. gr.

Ágreiningur um skólavist.

Verði ágreiningur um skólavist barns eða sérúrræði því til handa skal við úrlausn hans gæta ákvæða stjórnarsýslulaga. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af áliti sérfræðinga og foreldra og með heildarhagsmunum barnsins að leiðarljósi. Ávallt skal reyna til þrautar að ná samkomulagi milli foreldra, skóla og sérfræðinga. Takist ekki að leysa málin með sameiginlegri niðurstöðu ber skólastjóra grunnskóla að taka ákvörðun í málinu í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla.

Skólastjóri getur synjað umsókn foreldra um skólavist fyrir barn í sérúrræði innan skólans eða í sérskóla. Ákvörðun um synjun verður ekki tekin nema á grundvelli metinna sérþarfa viðkomandi barns og að teknu tilliti til afstöðu foreldra og nemanda til málsins og álitsgerða sérfræðinga. Gefa skal foreldrum kost á að hafa áhrif á val á sérfræðingum. Synjun skal rökstudd ítarlega þar sem afstaða er tekin til allra þeirra sjónarmiða sem færð hafa verið fram í málinu og hvernig þau varða heildarhagsmuni barnsins. Í þeim tilvikum skal ávallt liggja fyrir hvaða sérskóli eða sérúrræði standa nemanda til boða. Áður en skólastjóri tekur endanlega ákvörðun skal liggja fyrir álit nemendaverndarráðs og sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins.

22. gr.

Kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Ákvörðun skólastjóra skv. 21. gr. er kæraneleg til mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. 47. gr. laga um grunnskóla. Við meðferð kærumáls er ráðuneytinu heimilt að afla sér álits sérfræðinga. Ráðuneytið getur í úrskurði sínum mælt nánar fyrir um fyrirkomulag skólavistar nemanda og skyldur sveitarfélags í því efni.

Á meðan mál er óútkljáð skal skólanefnd tryggja nemanda viðeigandi kennsluúrræði.

VII. KAFLI

Sjúkrakennsla.

23. gr.

Sjúkrakennsla.

Nemandi, sem að mati læknis getur ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda, á rétt á sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun. Kennslan getur að hluta til farið fram sem fjarkennsla eða dreifnám undir leiðsögn kennara og eftirliti foreldra eða starfsmanna sjúkrastofnana að höfðu samráði við grunnskóla viðkomandi nemanda. Ákvæði þetta tekur ekki til tilfallandi veikinda nemenda sem standa skemur en viku.

Nemandi á rétt á sjúkrakennslu um leið og hann að mati læknis getur lagt stund á nám og skal lengd daglegrar eða vikulegrar sjúkrakennslu miðast við ástand hans og þrek. Markmið sjúkrakennslu er að nemandi missi sem minnst af kennslu og verði ekki af tækifærum til náms vegna slyss eða langvarandi veikinda.

Skólastjóri ákveður í samráði við lækni og foreldra, umfang og nánara fyrirkomulag kennslunnar. Hann ber ábyrgð á því að viðeigandi sjúkrakennsla sé veitt. Hann ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár til lengri eða skemmri tíma þar sem tekið er mið af aðstæðum, veikindum og þörfum nemanda.

Nýta skal upplýsinga- og samskiptatækni eins og kostur er þegar sjúkrakennsla er skipulögð. Þá skal nemandi eiga þess kost að tengjast skólanum sínum og umsjónarhópi sem best eftir því sem aðstæður og ástand hans leyfir.

Um kostnað af sjúkrakennslu nemenda fer samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og samnings sem gerður er á grundvelli þeirra.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

24. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 389/1996 um sérkennslu.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 28. júní 2010.

Katrín Jakobsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 15. júlí 2010

Ásta Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, nr. 585/2010.

Nr. 148 22. janúar 2015

1. gr.

Heiti reglugerðarinnar breytist og orðast svo:

Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

2. gr.

- a. Á eftir 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar bætist við ný málsgrein, sem orðast svo:
Ráðuneytið skal að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga útbúa viðmið um gerð starfsreglna fyrir sveitarfélög sem reka sérskóla og sérúrræði við grunnskóla sem stofnað er til samkvæmt 42. gr. laga um grunnskóla. Í viðmiðunum skulu m.a. koma fram lágmarkskröfur um efni starfsreglna, þ.e. a) heiti sérskóla/sérúrræðis, b) markmið og hlutverk, c) stjórnun, d) starfsfólk, e) nemendur, f) námsumhverfi, g) rekstur og h) ráðgjöf og kennslufræðilega þjónusta. Birta skal viðmiðin opinberlega.
- b. 3. mgr. 12. gr. orðast svo:
Sveitarstjórn setur starfsreglur fyrir sérskóla og sérúrræði innan grunnskóla byggðar á viðmiðum 2. mgr. þessarar greinar, þar sem m.a. er kveðið á um fyrirkomulag þjónustunnar, aðlögun aðalnámskrár grunnskóla að þörfum nemenda **og ráðgjöf og stuðning við starfsfólk grunnskóla**. Starfsreglurnar skulu áður teknar til umfjöllunar í skólaráði viðkomandi skóla og skólanefnd. Starfsreglur skulu birtar opinberlega.

3. gr.

20. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Áður en nemandi er innritaður í sérskóla eða sérúrræði innan grunnskóla skal meta stöðu hans í námi. Við slíkt mat skal tekið tillit til aðstæðna nemanda og heildarhagsmuna og þess gætt að hann eigi þess kost að tjá sig um þá niðurstöðu eftir því sem aðstæður leyfa. Foreldrum skulu kynntar niðurstöður úr slíku mati og gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum áður en til innritunar kemur. Allar athuganir skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra sem skulu hafa samráð við barn sitt að teknu tilliti til aldurs þess og þroska. Ávallt skal hafa að leiðarljósi það sem er talið barninu fyrir bestu.

Sveitarfélög sem reka sérskóla eða önnur sérúrræði innan grunnskóla sem stofnað er til samkvæmt 42. gr. laga um grunnskóla skulu setja reglur um innritun nemenda, svo og reglur um útskrift eða lok slíkrar aðstoðar þar sem gerð er grein fyrir aðkomu og mati fagaðila. Í reglunum skal kveðið á um málsmeðferð og skilyrði fyrir inntöku nemenda í viðkomandi sérskóla eða sérúrræði. Heimilt er að skipa ráð með fagaðilum sem geri tillögu til skólastjóra um innritun og/eða útskrift nemanda úr sérskóla eða sérúrræði.

Ráðherra staðfestir reglur sveitarfélaga um innritun og útskrift nemenda úr sérskóla eða sérúrræði sem stofnað er til samkvæmt 42. gr. laga um grunnskóla. Innritunarreglur skulu birtar opinberlega.

4. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, sem orðast svo:

Sveitarfélög skulu endurskoða núverandi reglur um innritun og útskrift skv. 20. gr. og senda ráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok 2015.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 22. janúar 2015.

Illugi Gunnarsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. febrúar 2015

Ásta Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða.

Nr. 657 3. júlí 2009

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til aðstöðu, búnaðar, slysavarna og öryggismála í grunnskólahúsnaði og á skólalóðum á vegum sveitarfélaga og annarra rekstraraðila.

2. gr.

Ábyrgð og samráð.

Sveitarfélög annast undirbúning og gerð skólamannvirkja á þeirra vegum í samráði við skólanefnd og skólaráð. Stofnkostnaður ásamt kostnaði við viðhald skólahúsnaðis og endurnýjun og viðhald búnaðar þess greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi. Við hönnun, byggingu og endurnýjun skólahúsnaðis skulu sveitarfélög ennfremur hafa samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins og aðila í grenndarsamfélagi svo sem foreldra, fulltrúa íþróttá-, æskulýðs- og tólstundafélaga og aðila úr atvinnulífinu.

Þegar um er að ræða rekstur grunnskóla á vegum annarra aðila en sveitarfélaga er undirbúningur, gerð nýs skólahúsnaðis, viðhald þess og endurnýjun og viðhald búnaðar á ábyrgð og kostnað hlutaðeigandi rekstraraðila.

3. gr.

Skólahúsnaði, skólalóð og búnaður.

Húsnaði og skólalóðir skulu uppfylla kröfur laga nr. 91/2008 um grunnskóla, reglugerðar þessarar, aðalnámskrár grunnskóla og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnaði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Er þar sérstaklega átt við að nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan þeirra svo sem varðandi hentugan húsbúnað, hljóðvist og lýsingu, fjölbreytni í náms- og leikaðstöðu og annan búnað.

4. gr.

Hönnun.

Við hönnun nýs skólahúsnaðis skal taka mið af áætluðum hámarksfjölda nemenda í skólanum. Við skipulag einstakra vinnurýma skal m.a. taka mið af fjölbreyttum kennsluháttum og sveigjanleika í kennslufyrirkomulagi svo sem hvað varðar samkenndu árganga. Sérstaklega skal þess gætt að nægilegt rými sé fyrir hvern nemanda svo hann geti sinnt námi sínu. Þannig skal vinnurými að jafnaði vera a.m.k. 60 fermetrar fyrir 22 - 28 nemendur, 52 fermetrar fyrir 18 - 21 nemanda, 44 fermetrar fyrir 13 - 17 nemendur, 36 fermetrar fyrir 12 nemendur og aldrei minni en 16 fermetrar.

5. gr.

Lágmarksaðstaða.

Til nauðsynlegrar lágmarksaðstöðu í grunnskólum telst:

- a. vinnurými og viðeigandi aðstaða og búnaður fyrir nemendur til kennslu í öllum námsgreinum og námssviðum grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla,
- b. vinnurými fyrir skólastjóra, kennara og annað starfsfólk,
- c. aðstaða fyrir félagsstarf nemenda og nemendafélög,
- d. aðstaða fyrir nemendur til að neyta málsverða og til viðveru utan kennslustunda,
- e. rými og búnaður vegna sérfræðipjónustu við nemendur,
- f. rými fyrir skólaheilsugæslu, eftir því sem við á,
- g. aðgengi og aðstaða fyrir fatlaða,
- h. afmörkuð og skipulögð skólalóð sem gefur fjölbreytt tækifæri til leikja og annarrar útvistar.

Þar sem henta þykir er sveitarstjórn heimilt að ákveða að fleiri en einn skóli fái afnot af húsnæði, sem fyrir er í sveitarfélaginu, vegna íþrótt- og/eða sundkennslu eða annarrar sérgreinakennslu.

6. gr.

Samningar um afnot af húsnæði.

Sveitarstjórnnum er heimilt að gera samning við önnur sveitarfélög og við rekstraraðila grunnskóla um afnot af húsnæði, t.d. vegna íþrótt- og/eða sundkennslu eða annarrar sérgreinakennslu.

7. gr.

Öryggi og slysavarnir.

Húsnæði, lóð, aðstaða, búnaður og öll starfsemi sem börn taka þátt í á vegum grunnskóla skal miðast við að öryggi nemenda sé tryggt.

Nemandi er á ábyrgð skólans meðan á daglegum starfstíma skólans stendur, þegar hann tekur þátt í skipulögðu skólastarfi innan skólans, á skólalóð eða í ferðum á vegum skólans.

8. gr.

Handbók um öryggi nemenda og slysavarnir í skólum.

Sveitarstjórn skal útbúa handbók fyrir starfsfólk grunnskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi nemenda og slysavarnir í grunnskólum. Leiðbeiningar þessar skulu grundvallaðar á gildandi lögum og reglugerðum um öryggis-, skipulags- og byggingarmál og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Leiðbeiningar þessar skulu staðfestar af sveitarstjórn sem jafnframt skal sjá um að þær séu aðgengilegar almenningi á vef skólans eða sveitarfélagsins og kynntar í skólasamfélaginu.

Sambandi íslenskra sveitarfélaga og menntamálaráðuneyti ber að móta leiðbeiningar um gerð slíkrar handbókar.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 20. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 519/1996 um lágmarksbúnað grunnskóla.

Menntamálaráðuneytinu, 3. júlí 2009.

Katrín Jakobsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 24. júlí 2009

Baldur Guðlaugsson.

REGLUGERÐ nr. 599/2014
um breytingu á reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað
grunnskólahúsnaðis og skólalóða.

Nr. 599 27. maí 2014

1. gr.

3. málslíður 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Við hönnun, byggingu og endurnýjun skólahúsnaðis skulu sveitarfélög ennfremur hafa samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins og aðila í grenndarsamfélagi, svo sem foreldra, nemenda, fulltrúa íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafélaga, ungmennaráða og aðila úr atvinnulífinu.

2. gr.

Á eftir orðunum „hljóðvist og lýsingu,“ í 4. málslíð 3. gr. bætist: loftgæði og loftræstingu,

3. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. bætist við nýr málslíður, 2. másl., sem orðist svo: Sérstaklega skal hugað að öryggiskröfum í verkmenntastofum um vélar, tæknilegan búnað, efnisnotkun, loftgæði og loftræstingu og aðgengi að fyrstu hjálp.

4. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Handbók um öryggi nemenda og slysavarnir í skólum.

Ráðuneytið, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, skal útbúa rafræna handbók fyrir starfsfólk grunnskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi og velferð nemenda og slysavarnir í grunnskólum. Skal handbókin endurskoðuð reglulega.

Handbókin skal grundvölluð á gildandi lögum og reglugerðum um starfsemi grunnskóla, lögum og reglugerðum um öryggis-, skipulags- og byggingarmál og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Einnig skal höfð hliðsjón af reglugerð um vélar og tæknilegan búnað og vinnuumhverfisvísium Vinnueftirlits ríkisins, eftir því sem við á.

Handbókin skal vera aðgengileg opinberlega og ber skólastjóri ábyrgð á að hún sé sérstaklega kynnt öllu starfsfólki skóla og öðrum aðilum í skólasamfélaginu.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 27. maí 2014.

Illugi Gunnarsson.

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2014

Ásta Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín.

Nr. 897 21. október 2009

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til öflunar, meðferðar, miðlunar og vörslu upplýsinga um nemendur í grunnskólum sem hafa fylgt barni úr leikskóla og um rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín, sbr. 18. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og sbr. lög um Þjóðskjalasafn nr. 66/1985 með áorðnum breytingum.

Reglugerð þessi tekur einnig til meðferðar niðurstöðu hvers konar námsmats í grunnskólum sem liggur til grundvallar þegar meta skal árangur og framfarir nemenda í námi. Einnig tekur hún til miðlunar upplýsinga um námsmat vegna flutnings nemenda milli skóla og innritunar í framhaldsskóla og um rétt foreldra til að fá vitneskju um slíkar upplýsingar, sbr. 27. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

2. gr.

Foreldrar.

Foreldrum er skylt að veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir nám og velferð barnsins.

Foreldrar eiga rétt á aðgangi að upplýsingum um börn sín. Um takmarkanir á upplýsingarétti þeirra fer samkvæmt fyriræmum 17. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og 9. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996.

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá upplýsingar um barnið frá grunnskóla. Um rétt foreldris til upplýsinga fer samkvæmt fyriræmum 52. gr. barnalaga nr. 76/2003.

3. gr.

Tilkynningar til foreldra.

Við innritun barns í grunnskóla skulu foreldrar upplýstir um skyldu sína til þess að veita grunnskóla nauðsynlegar upplýsingar um barn sitt. Gefa skal foreldrum kost á að tilgreina sérstaklega nauðsynlegar upplýsingar um börn sín, sem máli skipta fyrir skólagöngu þess.

Hyggist skólastjórnendur afla upplýsinga um dvöl barns í öðrum skóla, eða slíkar upplýsingar hafa fylgt barni úr leikskóla með öðrum hætti en greinir í 1. mgr., skal foreldrum gerð grein fyrir þeim og um rétt þeirra til aðgangs að þeim. Sama á við um aðrar nauðsynlegar persónuupplýsingar sem grunnskóli aflar um barn meðan á skólagöngu þess stendur.

Sé ekki annað ákveðið af hálfu sveitarstjórnar ber skólastjóri ábyrgð á að foreldrum barns sé tilkynnt um upplýsingar sem aflað hefur verið um barn þeirra.

4. gr.

Réttur nemanda og foreldra til að skoða metnar prófúrlausnir og önnur gögn um námsstöðu.

Nemandi og foreldri eiga rétt á að skoða metnar prófúrlausnir nemanda. Jafnframt hafa nemandi og foreldri rétt til að skoða og fá aðgang að þeim gögnum sem liggja til grundvallar hvers konar vitnisburði um námsstöðu nemandans. **Skólastjóri er ábyrgur fyrir því að sá kennari, sem gefið hefur prófeinkunn og/eða vitnisburð sem um ræðir eða annar kennari samkvæmt ákvörðun hans, sé viðstaddur til að útskýra forsendur og niðurstöður mats fyrir nemanda og foreldri, eftir því sem þörf krefur.**

Foreldri nemanda skal bera fram beiðni til skólastjóra um að skoða námsmatsgögn nemanda eigi síðar en tveimur vikum eftir að nemanda hefur borist vitnisburður um námsmat. Beiðnin skal berast skólastjóra sem, í samráði við foreldri og viðkomandi kennara, sér um að nemanda og foreldri verði sýnd þau gögn sem um ræðir.

Beiðni foreldris um að fá að skoða metnar prófúrlausnir skal að jafnaði afgreidd innan sjö daga frá því að hún berst skólastjóra.

5. gr.

Nauðsynlegar upplýsingar.

Til nauðsynlegra upplýsinga um nemanda teljast m.a. persónuupplýsingar um heilsufar, sérþarfir, líkamlega og andlega getu til náms eða annars skólstarfs sem afla þarf við undirbúning ákvarðana um réttindi og skyldur nemenda samkvæmt lögum um grunnskóla eða til að sveitarstjórn, eða skóla-nefnd í umboði hennar og eftir atvikum skólastjórnendur, geti sinnt skyldum sínum samkvæmt þeim lögum. Persónuupplýsingar geta verið:

- a. kennslufræðilegar, læknisfræðilegar, sálfræðilegar, sérkennslufræðilegar greiningar og aðrar greiningar og sérúrræði fyrir nemanda,
- b. sérkennsluumsóknir, námsáætlanir vegna sérúrræða og einstaklingsnámskrár,
- c. prófeinkunnir og vitnisburðir,
- d. mætingar og agabrot.

Persónuupplýsingar geta verið hvers konar skrifleg gögn svo sem skýrslur, greinargerðir og umsagnir eða gögn sem vistuð eru í tölvu og varða velferð og skólagöngu barns.

6. gr.

Þagnarskylda.

Gæta skal fullrar þagnarskyldu um meðferð persónuupplýsinga sem aflað er um nemendur í grunnskóla eða hafa fylgt barni úr leikskóla. Um þagnarskyldu starfsmanna sveitarfélaga fer samkvæmt 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og 12. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Samkvæmt lögum eða fyrirmælum reglugerðar þessarar er óheimilt að miðla persónuupplýsingum um nemendur til annarra en þeirra sem þess þurfa vegna starfa sinna. Málsmeðferð skal að öðru leyti vera í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

7. gr.

Meðferð og öflun upplýsinga.

Við meðferð og öflun persónuupplýsinga skal þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga samkvæmt fyrirmælum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 með áorðnum breytingum. Gæta skal þess að upplýsingar sem aflað er séu viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang þeirra. Þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum.

8. gr.

Miðlun upplýsinga.

Um miðlun persónuupplýsinga, sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, fer samkvæmt 16. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð settri samkvæmt þeirri grein.

Við flutning nemenda milli grunnskóla skal skólastjóri þess skóla sem nemandinn var í sjá til þess að nauðsynlegar persónuupplýsingar um nemanda flytjist með tryggum og öruggum hætti til viðtökuskóla. Ef ekki liggja fyrir upplýsingar um viðtökuskóla verða gögn ekki send fyrr en beiðni viðtökuskóla hefur borist.

Skólastjóra eða öðrum sérfræðingum á vegum sveitarfélags er heimilt að miðla, að fengnu samþykki foreldris, nauðsynlegum persónuupplýsingum um einstaka nemendur til framhaldsskóla. Með samþykki er átt við upplýst samþykki samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Skólastjóri ber ábyrgð á miðlun upplýsinga um námsmat vegna flutnings milli skóla og innritunar í framhaldsskóla og að foreldrar fái vitneskju um slíkar upplýsingar.

Skólastjóra ber að gera foreldrum grein fyrir hvaða upplýsingar um námsmat fylgja nemendum á milli skóla eða í framhaldsskóla og um rétt foreldra til að fá vitneskju um miðlun slíkra upplýsinga.

9. gr.

Ábyrgð á meðferð upplýsinga.

Skólastjóri ber ábyrgð á meðferð og vörslu upplýsinga og að uppfylltar séu þær kröfur sem gerðar eru til ábyrgðaraðila samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985.

Þegar skólagöngu barns er lokið og ekki eru lengur fyrir hendi málefnalegar ástæður til varðveislu upplýsinga um það skal sá aðili sem falin er meðferð og varsla upplýsinga, þ.e. héraðs-skjalasafn eða Þjóðskjalasafn Íslands, annast meðferð þeirra í samræmi við fyrirmæli laga um Þjóð-skjalasafn Íslands og fyrirmæli sett samkvæmt þeim.

Eyðing gagna, skv. heimild stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns sbr. 7. gr. laga nr. 66/1985, skal fara fram með tryggum og öruggum hætti.

Prófúrlausnir, sem ekki er skilað til nemenda, skal geyma í samræmi við skjalavörslu viðkomandi skóla er byggir á reglum Þjóðskjalasafns. Sama gildir um önnur gögn um nemendur svo sem gögn um mætingu nemenda og aðrar skýrslur um daglega frammistöðu þeirra.

10. gr.

Varðveisla upplýsinga.

Persónuupplýsingar skulu varðveittar í læstum hirslum. Þegar persónuupplýsingar um nemendur eru skráðar og varðveittar í tölvu skal þess gætt að viðkomandi skrá sé læst með tryggilegum hætti og að aðgengi að henni sé takmarkað við þá sem það þurfa vegna starfa sinna.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 18. gr. og 4. mgr. 27. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 21. október 2009.

Katrín Jakobsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. Nóvember 2009

Baldur Guðlaugsson.

Reglugerð nr. 657/2011 um breytingu á reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín.

1. gr.

a. Á eftir 7. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein, svohljóðandi:

Grunnskólum er heimilt að nota rafrænt upplýsingakerfi til skráningar og miðlunar upplýsinga um nemendur samkvæmt þessari reglugerð. Ennfremur getur skóli notað slíkt kerfi til þess að veita foreldrum aðgang að upplýsingum og til samskipta við þá. Komi fram rökstudd beiðni frá foreldrum um að aðgangur að upplýsingum verði jafnframt veittur með öðrum hætti, s.s. með tölvupósti, símleiðis eða bréfleiðis, skal starfsfólk skóla leitast við að verða við slíkum beiðnum, enda þjóni það hagsmunum og þörfum barnsins. Tillit skal tekið til eðlis og mikilvægis þeirra upplýsinga sem um ræðir hverju sinni og hvort sérþarfir barns eða sérstakar aðstæður kalli á að samskipti séu með tilteknum hætti.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: *Skráning og samskipti.*

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 18. gr. og 4. mgr. 27. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, og öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 15. júní 2011.

Svandís Svavarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 4. Júlí 2011

Karitas H. Gunnarsdóttir.

REGLUGERÐ um Sprotasjóð leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Nr. 242 27. febrúar 2009

1. gr.

Hlutverk.

Menntamálaráðherra veitir árlega fé úr Sprotasjóði. Sjóðurinn er sameiginlegur fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. **Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í skólasterfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum.**

Ráðherra getur falið stofnun eða þar til bærum aðila að annast einstök verkefni við undirbúning styrkveitinga, svo sem auglýsingar, móttöku og skráningu umsókna og að veita upplýsingar og leiðbeiningar til umsækjenda.

2. gr.

Stjórn.

Ráðherra skipar Sprotasjóði fimm manna ráðgefandi stjórn til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Skal einn stjórnarmanna vera tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórn Sprotasjóðs gerir tillögu til ráðherra um hvernig skuli ráðstafa fjárveitingu hans til styrkþega, sbr. 6. gr. að teknu tilliti til kostnaðar skv. 3. mgr. Undirbúningi tillagna sjóðstjórnar skal haga í samræmi við málsmeðferðarreglur stjórnáskráningu nr. 37/1993.

Stjórn Sprotasjóðs gerir tillögu um einstök áherslusvið sem skulu hafa forgang hverju sinni. Sjóðstjórn getur leitað álits sérfróðra aðila við yfirferð umsókna og undirbúning tillagna um úthlutun úr sjóðnum.

Kostnaður við umsýslu, mat á umsóknum og við störf stjórnar og rekstraraðila skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins.

4. gr.

Auglýsing styrkumsókna.

Menntamálaráðuneyti skal árlega auglýsa styrki til þróunarverkefna. Leikskólastjórar, skólustjórar eða skólameistarar fyrir hönd skóla, kennarahópa eða einstakra kennara geta sent inn umsókn. Aðrir aðilar en skólar geta sótt um þróunarverkefni í samstarfi við skóla. Í þeim tilfellum skal staðfesting á þátttöku skóla fylgja umsókn.

Auglýsingu skal birta a.m.k. í einu dagblaði sem gefið er út á landsvísu og á vef ráðuneytisins. Í auglýsingu skulu koma fram greinargóðar upplýsingar um tilgang og hlutverk sjóðsins, helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, um eyðublöð fyrir umsóknir, hvar þau sé að finna, hvert eigi að senda umsóknir og hvenær þær skulu hafa borist ásamt upplýsingum um þá fjárhæð sem sjóðurinn hefur til úthlutunar.

5. gr.

Umsóknir.

Umsóknir um styrki úr sjóðnum skulu berast ráðuneytinu eða þeim aðila sem falin hefur verið umsjón sjóðsins, sbr. 2. mgr. 1. gr., með rafrænum hætti. Í umsókn skal eftirtalið koma fram:

- a. upplýsingar um nafn viðkomandi skóla og skólustjóra/skólameistara, nafn verkefnisstjóra, annarra þátttakenda og samstarfsaðila ef einhverjir eru,
- b. upplýsingar um menntun og fræðilegan bakgrunn verkefnisstjóra og upplýsingar um fyrri verk á sviði þróunarstarfa,
- c. tilgangur þróunarstarfsins innan skólans,
- d. hnitmiðuð lýsing á verkefninu, markmiðum þess og þýðingu,
- e. tímaáætlun og lýsing á aðstöðu þátttakenda til að vinna verkefnið,
- f. hvernig staðið verði að stjórnun verkefnisins, miðlun og mati,
- g. upplýsingar um nýnæmi og gildi verkefnis og stöðu þekkingar á viðfangsefninu, þar á meðal, hvers er vænst að verkefnið muni bæta við þá þekkingu,
- h. verkáætlun, lýsing á aðferðafræði, áfangaskiptingu og helstu verkþáttum,
- i. greinargóðar upplýsingar um áætlaðan kostnað við verkefnið,

- j. upplýsingar um hvort sótt hafi verið um aðra styrki fyrir verkefnið eða það hlotið aðra styrki.

Styrkjum úr Sprotasjóði skal úthluta á grundvelli umsókna er berast innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í auglýsingu, sbr. 4. gr.

6. gr.

Mat á umsóknum.

Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a. gildi og mikilvægi verkefnis með tilliti til hlutverks Sprotasjóðs,
- b. verkefni feli í sér þróunarstarf innan skóla, samstarf milli skóla eða skólastiga,
- c. verkefnið falli að þeim áherslum eða áherslusviðum er fram koma í auglýsingu,
- d. líkum á því að umsækjanda/umsækjendum takist að ná þeim markmiðum er verkefnið miðar að,
- e. starfsferli og faglegum eða fræðilegum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda m.t.t. þeirra krafna sem verkefnið gerir til þeirra.

7. gr.

Tilkynning um afgreiðslu umsókna.

Sjóðstjórn tilkynnir umsækjendum um afgreiðslu umsókna þeirra og gengur frá skilmálum við hvern styrkþega.

Upplýsingar um styrkveitingar skulu birtar á vef menntamálaráðuneytis.

8. gr.

Eftirlit með framkvæmd verkefna.

Styrkþegar skulu eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok verkefnis senda sjóðstjórn skilgrein þar sem gerð er grein fyrir hvernig styrkurinn var notaður og hvernig afraksturinn verði kynntur. Menntamálaráðuneyti birtir á vefsíðu sinni skilgreinar vegna einstakra verkefna.

Heimilt er að krefja styrkþega um endurgreiðslu styrks, að hluta eða öllu leyti, ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var eða skilgrein hefur ekki borist innan eðlilegra tímamarka.

Ef ekki hefur borist fullnægjandi skilgrein vegna fyrri verkefna er heimilt að hafna nýrri umsókn.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 15. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla, 34. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 53. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 27. febrúar 2009.

Katrín Jakobsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 2. mars 2009

Halldór Arnason.

REGLUGERÐ

um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalald.

Nr. 658 1. júlí 2009

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til innra og ytra mats í grunnskólum og skyldu sveitarfélaga til að veita menntamálaráðuneytinu þær upplýsingar um skólalald sem óskað er eftir vegna eftirlits með skólastarfi í grunnskólum.

Eftirlit og upplýsingaskylda sveitarstjórna tekur bæði til þeirra skóla sem reknir eru af sveitarfélögum sem og þeirra skóla sem reknir eru í sveitarfélaginu af öðrum aðilum.

2. gr.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi er að:

- a. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- b. tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum,
- c. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- d. auka gæði skólastarfs og stuðla að umbótum.

3. gr.

Innra mat grunnskóla.

Hver grunnskóli skal með kerfisbundnu innra mati leggja mat á árangur og gæði skólastarfs. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum gögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skulu starfsfólk, foreldrar, nemendur og skólaráð taka þátt í því eftir því sem við á.

Virkt innra mat skal vera samofið annarri starfsemi skóla og skapa forsendur fyrir markvissri skoðun á árangri, leiðum að markmiðum og aukinni ábyrgð skóla á eigin starfi. Innra mat skal vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta skólastarfs.

Grunnskólar skulu birta, á vef sínum eða með öðrum opinberum hætti, upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og umbótaáætlun. Gera skal grein fyrir tengslum innra mats við skólanámskrá, starfsáætlun og skólafélagssins.

Nánari viðmið um innra mat eru sett í aðalnámskrá grunnskóla.

4. gr.

Mat og eftirlit sveitarstjórna með skólastarfi.

Skólanefnd skal í umboði sveitarstjórnar hafa eftirlit með því að skólastarf í grunnskólum samræmist lögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Við eftirlit skal stuðst við margs konar gögn, svo sem tölulegar upplýsingar, skólanámskrá, innra mat, starfsáætlun, skólafélagssins eftir því sem við á. Jafnframt skal skólanefnd sjá til þess að áætlanir um nauðsynlegar umbætur í kjölfar ytra mats séu gerðar og þeim fylgt eftir.

Komi fram vísbendingar um að grunnskóli fari ekki að lögum og sinni ekki lögbundum skyldum sínum skal skólanefnd ganga úr skugga um hvort rétt sé og sjá til þess að viðeigandi úrbætur séu gerðar sé þess þörf.

Sveitarstjórn skal, þegar eftir því er óskað, láta menntamálaráðuneytinu í té upplýsingar um eftirlit skólanefndar með skólalaldi.

5. gr.

Eftirlit og ytra mat menntamálaráðuneytis.

Eftirlit menntamálaráðuneytis fer fram með öflun, miðlun og greiningu upplýsinga, ytra mati, samræmdum könnunarprófum, innlendum og erlendum könnunum og rannsóknnum.

Menntamálaráðherra setur fram áætlun um ytra mat til þriggja ára í senn og skal áætlunin birt á vef ráðuneytisins. Í áætluninni skulu koma fram fyrirhugaðar úttektir og kannanir svo og eftirfylgni eftir því sem kostur er. Áætlunin getur m.a. byggt á úttektum á einstökum þáttum skólastarfs,

stofnunum og aðferðum við innra mat svo og innlendum og erlendum könnunum, rannsóknum og samræmdum könnunarprófum.

Ráðuneytið semur áætlun fyrir hverja úttekt þar sem fram kemur tilgangur úttektar, úttektaraðferðir, helstu viðmið og áherslur. Ráðuneytið fær óháða sérfræðinga til að sjá um framkvæmd úttekta og fer val á úttektaraðilum samkvæmt verklagsreglum ráðuneytisins. Niðurstöður ytra mats eru sendar viðkomandi sveitarstjórn og birtar á vef ráðuneytisins.

Ef eftirlit ráðuneytisins bendir til þess að þörf sé á umbótum skal sveitarstjórn senda ráðuneytinu umbótaáætlun þar sem fram kemur hvernig brugðist verður við niðurstöðum matsins og jafnframt hvernig sveitarstjórn hyggst fylgja þeim eftir.

Nánari viðmið um ytra mat eru sett í aðalnámskrá grunnskóla.

6. gr.

Upplýsingaskylda sveitarstjórna.

Sveitarstjórnnum er skylt að veita menntamálaráðuneytinu, árlega eða oftár sé þess krafist, upplýsingar um framkvæmd skólahalds í grunnskólum í sveitarfélaginu. Jafnframt skal sveitarstjórn miðla upplýsingum um skólastarf í sveitarfélaginu til foreldra, nemenda og starfsfólks skóla.

Þær upplýsingar frá sveitarstjórnnum sem hér um ræðir eru annars vegar tölulegar upplýsingar sem aflað er árlega og hins vegar upplýsingar sem ráðuneytið aflar eftir þörfum vegna eftirlitsskyldu sinnar, upplýsingagjafar til Alþingis og erlendra samvinnu.

Tölulegar upplýsingar um skólahald sem sveitarstjórnir skulu gera grein fyrir ár hvert eru m.a.:

- a. Skólar: Fjöldi og heiti skóla í sveitarfélaginu.
- b. Nemendur: Fjöldi nemenda í hverjum skóla, fjöldi nemenda í árgangi, fjöldi nemenda í árgangi sem fá sérkennslu og fyrirkomulag hennar, fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku, fjöldi nemenda með undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein, fjöldi nemenda sem eru reknir tímabundið úr skóla og fjöldi brottfallsnemenda úr skyldunámi.
- c. Starfsfólk: Fjöldi kennara í sveitarfélaginu, fjöldi annarra starfsmanna skóla en kennara, fjöldi stöðugilda kennara og annarra starfsmanna, starfsheiti, stöðuhlutfall, menntunarstig og aldur.
- d. Innra starf skóla: Árlegur starfstími skóla, fjöldi skóladaga á ári, fjöldi kennslu- og prófadaga, kennslutími í einstaka skyldunámsgreinum og valgreinum.

Sveitarstjórn skal, þegar eftir því er óskað, láta menntamálaráðuneytinu í té upplýsingar um skólastarf svo sem skólastefnu sveitarfélagsins og framgang hennar, skólanámskrá, sérfræðipjónustu, foreldrafélög, nemendafélög, skólaráð, námsmat, innra mat skóla, endurmenntun kennara og áætlanir um umbætur.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 384/1996 um upplýsingaskyldu sveitarfélaga um skólahald.

Menntamálaráðuneytinu, 1. júlí 2009.

Katrín Jakobsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 24. júlí 2009

Baldur Guðlaugsson.

REGLUGERÐ
um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla
og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Nr. 584 25. júní 2010

I. KAFLI

Skyldur sveitarfélaga og skilgreining sérfræðiþjónustu.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og til nemendaverndarráða í grunnskólum.

Sé ekki annað tekið fram er með nemendum átt við börn í leikskólum og nemendur í grunnskólum.

Foreldrar samkvæmt reglugerð þessari teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

Reglugerð þessi tekur einnig til sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla sem reknir eru af öðrum aðilum en sveitarfélögum.

2. gr.

Inntak og markmið sérfræðiþjónustu.

Sérfræðiþjónusta tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.

Markmið með sérfræðiþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólustarfi.

Sérfræðiþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólustarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Þegar fjallað er um mat í reglugerð þessari er átt við mat á færni og stöðu nemenda og nemendahópa. Viðeigandi matstæki geta til dæmis verið samræmd könnunarpróf, skimunarpróf, greiningartæki, kannanir, athuganir og skoðun á einstaklingum eða nemendahópum sem nýtast til að ná markmiðum reglugerðarinnar.

II. KAFLI

Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu.

3. gr.

Hlutverk sveitarfélaga og framkvæmd sérfræðiþjónustu.

Fræðslufyrirvöld í hverju sveitarfélagi skulu fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu.

Sveitarfélög skulu tryggja að viðeigandi sérfræðiþjónusta sé veitt í leik- og grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan skóla. Sveitarfélög bera ábyrgð á að þjónustan sé veitt og kostnaði við hana. Sveitarfélög skulu mæla fyrir um það í skólafestnu sinni hvornig markmiðum þessarar reglugerðar verði náð. Við framkvæmd sérfræðiþjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á:

- a. forvarnarstarf til að stuðla markvisst að velferð nemenda,
- b. snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda með áherslu á að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar,
- c. að sérfræðiþjónusta mótist af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda, óháð starfsstéttum sérfræðinga og hver veitir þjónustuna,
- d. að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti í leik- og grunnskólum og starfsfólk þeirra,
- e. stuðning við foreldra með ráðgjöf og fræðslu,
- f. viðeigandi tulkajónustu til að tryggja að upplýsingar/ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum,
- g. góð tengsl leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samfellu og heildarsýn í skólustarfi að leiðarljósi.

Við gerð símenntunaráætlana skv. 7. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 12. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla skal lögð áhersla á að efla þekkingu starfsfólks leik- og grunnskóla á því að leysa viðfangsefni samkvæmt reglugerð þessari innan skólanna.

4. gr.

Skipulag sérfræðiþjónustu.

Sveitarstjórn í samráði við skólastjórnendur skipuleggur sérfræðiþjónustu. Um ráðningu sérhæfðs starfsfólks sem henni sinnir fer eftir því sem við á samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykktum sveitarfélags.

Sveitarfélög geta rekið sérfræðiþjónustu á eigin vegum sem sjálfstæða einingu, innan eða utan skóla, sameinast um slíkan rekstur með öðrum sveitarfélögum eða gert þjónustusamninga við önnur sveitarfélög, stofnanir eða aðila sem veita þá þjónustu sem þörf er á hverju sinni. Þegar um slík þjónustukaup er að ræða skal sveitarstjórn fylgjast með því að sérfræðiþjónusta uppfylli fyrirmæli laga og reglugerða.

Gera skal sérstaklega ráð fyrir rými í leik- og grunnskólum til að veita sérfræðiþjónustu þegar á þarf að halda vegna nemenda með sérþarfir, stuðnings og þjálfunar, óháð því hver veitir þjónustuna.

Heimilt er að reka sameiginlega sérfræðiþjónustu fyrir leikskóla og grunnskóla.

Nánar skal kveðið á um skipulag sérfræðiþjónustu í skólanámskrá leik- og grunnskóla.

5. gr.

Samhæfing sérfræðiþjónustu.

Sveitarfélög skulu hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélaga við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda. Einnig skulu sveitarfélög tryggja gagnkvæma upplýsingamiðlun milli aðila á mismunandi þjónustustigum eftir því sem við á í samráði við foreldra og geta sett viðmið um hvernig slík þjónusta er nýtt.

Skólastjórar skulu hafa frumkvæði að samstarfi við sérfræðiþjónustu sveitarfélags, félagsþjónustu, barnaverndaryfirvöld og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna málefna einstakra nemenda með sérþarfir og langvinn veikindi.

Til að stuðla að sem mestri samfellu í þjónustu við nemendur með sérþarfir skal samkvæmt gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir veita viðkomandi framhaldsskóla upplýsingar um stöðu einstakra nemenda eftir því sem við verður komið. Samráð skal haft við nemendur í samræmi við stöðu þeirra, að fengnu samþykki foreldra. Fylgja skal málinu eftir til framhaldsskóla.

6. gr.

Aðgangur foreldra að upplýsingum í vörslu sérfræðiþjónustu.

Foreldrar geta kynnt sér gögn eða fengið afrit af gögnum í vörslu sérfræðiþjónustu með persónulegum upplýsingum um eigin börn. Skólar og sérfræðiþjónusta sveitarfélaga skulu fara með allar slíkar upplýsingar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd.

Um miðlun upplýsinga milli skólastiga og skóla innan sama skólastigs fer samkvæmt reglugerðum við 16. gr. laga um leikskóla og 18. gr. laga um grunnskóla.

Um rétt foreldra sem ekki fara með forsjá barns til upplýsinga samkvæmt reglugerð þessari fer samkvæmt fyrirmælum 52. gr. barnalaga nr. 76/2003.

7. gr.

Samningar um aukið hlutverk sérfræðiþjónustu.

Sérfræðiþjónusta sveitarfélaga getur á grundvelli samþykktar sveitarstjórnar tekið að sér aukið hlutverk umfram skilgreiningar í lögum um leik- og grunnskóla um tiltekin verkefni og verklag, t.d. hvað varðar ítarlega greiningu og meðferð á grundvelli þjónustusamninga við greiningarstofnanir og þjónustustofnanir á landsvísu.

Sveitarfélög geta gert samning við þjónustustofnanir um að þær annist sérfræðiþjónustu vegna tiltekinna nemendahópa þar sem sérfræðipækning er ekki til staðar hjá sérfræðiþjónustu sveitarfélaga.

Sveitarfélög geta tekið að sér sérfræðiþjónustu í framhaldsskólum með þjónustusamningum við framhaldsskóla eða mennta- og menningarmálaráðuneyti.

III. KAFLI

Starfshættir sérfræðipjónustu.

8. gr.

Starfsfólk sérfræðipjónustu.

Starfsfólk sem sinnir sérfræðipjónustu sveitarfélaga skal hafa sérfræðimenntun á sviði kennslu-, uppeldis- eða félagsmála. Starfsfólk skólaheilsugæslu getur einnig talist til sérfræðipjónustu sveitarfélags hvað varðar athugun, greiningu og ráðgjöf og einnig eftir atvikum fagfólk á vegum ung- og smábarnaverndar. Starfsfólk sérfræðipjónustu vinnur störf sín samkvæmt því fyrirkomulagi sem sveitarstjórn ákveður í samræmi við VII. kafla laga nr. 90/2008 um leikskóla og IX. kafla laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Óheimilt er að ráða starfsmann til að sinna sérfræðipjónustu sem hlotið hefur refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við afgreiðslu umsóknar um starf sérfræðings skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild sveitarstjórnar til þess að afla upplýsinga úr sakaskrá sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um leikskóla og 3. mgr. 11. gr. laga um grunnskóla.

Starfsfólk sérfræðipjónustu skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskylda nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt.

9. gr.

Stuðningur við starfsfólk.

Í stuðningi við starfsfólk skóla felst m.a. ráðgjöf vegna kennslu og umönnunar nemenda og ráðgjöf vegna náms nemenda með sérþarfir. Stuðningur við starfsfólk felst einnig í ráðgjöf vegna starfshátta skóla, nýbreytni- og þróunarstarfa og starfsumhverfis.

10. gr.

Stuðningur við forvarnarstarf.

Í forvarnarstarfi leik- og grunnskóla felst m.a. fræðsla, mat og verkefni fyrir nemendur, starfsfólk skóla og foreldra með það að markmiði að skólaganga nemenda gangi sem best og að skólabragurinn verði sem jákvæðastur. Nemendur sem kunna að eiga í líkamlegum, sálrænum eða félagslegum vanda fá viðeigandi stuðning og námsaðstoð við hæfi til að þeir geti tekið virkan þátt í skólalastarfi.

Í leik- og grunnskólum skal starfsfólk skóla meta hvaða nemendur kunna að eiga í erfiðleikum með lestrarnám eða lestur, eða aðra námsörðugleika, með viðeigandi matstækjum, bregðast við því með kerfisbundnum hætti og sjá til þess að allir nemendur fái nauðsynlega aðstoð. Fylgst skal reglulega með framförum og brugðist við jafnóðum.

Sé þörf á nánari athugun og greiningu á grundvelli mats, skv. 2. mgr., skal skólalastjóri eða fulltrúi hans óska eftir sérfræðiaðstoð. Starfsfólk sérfræðipjónustu skal aðstoða starfsfólk leik- og grunnskóla við greiningu á nemendum sem kunna að eiga í líkamlegum, sálrænum eða félagslegum vanda sem geta haft áhrif á námsframvindu. Einnig skal sérfræðipjónusta aðstoða starfsfólk leik- og grunnskóla við greiningu á námsaðstæðum, veita ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við og vísa á viðeigandi úrræði.

Starfsfólk sérfræðipjónustu skal fylgjast með að viðeigandi matstæki séu tiltæk, útvega slík matstæki eftir því sem þörf krefur og aðstoða við framkvæmd og eftirfylgni í samstarfi við fræðslufirvöld.

Allar athuganir á vegum sérfræðipjónustu sem varða einstaka nemendur skulu gerðar í samráði við og með formlegu samþykki foreldra og óheimilt er að taka gjald fyrir slíkar athuganir.

11. gr.

Beiðni um athugun, greiningu og ráðgjöf.

Foreldrar nemenda í leik- og grunnskóla geta óskað eftir athugun, greiningu og ráðgjöf fyrir börn sín. Auk þess geta skólalastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, eða eftir atvikum annað starfsfólk skólans eða skólaheilsugæslu, lagt fram ósk um slíka sérfræðiaðstoð í samráði við og með samþykki foreldra. Beina skal beiðnum til skólalastjóra.

Allar greiningar á nemendum og námsaðstæðum þeirra skulu gerðar í samráði við og með

samþykki foreldra og skulu þeir upplýstir um niðurstöðuna.

Sveitarstjórn skal á grundvelli umsagnar fræðslufirvalda sveitarfélaga setja verklagsreglur um meðferð beiðna samkvæmt þessari grein.

Verkferlar skóla og sérfræðipjónustu sveitarfélaga vegna sérfræðiaðstoðar við nemendur skulu vera aðgengilegir.

12. gr.

Ráðgjöf, eftirfylgni og mat á árangri.

Að fenginni athugun eða greiningu gerir starfsfólk sérfræðipjónustu sveitarfélags tillögu um viðeigandi úrræði með starfsfólki skóla, svo sem ráðgjöf og fræðslu til kennara og foreldra og viðeigandi stuðning við nemendur eða nemendahópa. Eftirfylgni og mat á árangri er í höndum sérfræðipjónustu í samstarfi við viðkomandi skóla.

13. gr.

Stuðningur sérfræðipjónustu við foreldra.

Sérfræðipjónusta sveitarfélaga skal eftir því sem aðstæður leyfa gefa foreldrum kost á almennri ráðgjöf og fræðslu, svo sem vegna skólagöngu barna þeirra, samstarfs heimila og skóla og hegðunar barna þeirra.

Jafnframt skal sérfræðipjónusta sveitarfélaga veita foreldrafélögum, foreldraráðum leikskóla og skólaráðum grunnskóla ráðgjöf og stuðning vegna lögbundinnar starfsemi þeirra.

14. gr.

Sérstök aðstoð og þjálfun.

Telji skólastjóri og foreldrar að barn þarfnist sérstakrar aðstoðar eða þjálfunar til að geta notið leikskóla- eða grunnskólagöngu sem best, ber þeim að hafa samráð um hvort unnt sé að leysa málið innan skólans og/eða hvort leitað skuli til sérfræðipjónustu sveitarfélags eða annarra sérfræðinga. Verði aðilar sammála um að leita eftir slíkri þjónustu hlutast skólastjóri til um að sú þjónusta sé veitt. Skólastjóri ábyrgist að gerð sé áætlun sem byggir á markmiðum aðalnámskrár í samræmi við metnar sérþarfir.

Sveitarfélög skulu stuðla að því að þjálfun sem nemendur þurfa reglulega fari sem mest fram innan leik- og grunnskóla hjá viðeigandi sérfræðingum þótt aðrir aðilar en sveitarfélög veiti þjónustuna. Sveitarstjórn gerir sérstakan samning um þjónustuna.

IV. KAFLI

Samræmingarhlutverk leikskóla.

15. gr.

Samræmingarhlutverk skólastjóra leikskóla.

Skólastjóri leikskóla skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna er lúta að sérfræðipjónustu skv. 21. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla.

Jafnframt skal skólastjóri leikskóla stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir.

Sveitarstjórn er heimilt að stofna ráð eða teymi í leikskólum vegna þessarar samræmingar og ákveða hlutverk, skipan, samsetningu og starfshætti þess.

V. KAFLI

Starfsemi nemendaverndarráða grunnskóla.

16. gr.

Samræmingarhlutverk skólastjóra grunnskóla.

Skólastjóri grunnskóla skal samræma innan hvers grunnskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðipjónustu, náms- og starfsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs skv. 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Jafnframt skal skólastjóri grunnskóla stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eða nemendahópa eftir því sem þurfa þykir.

17. gr.

Hlutverk nemendaverndarráðs.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

18. gr.

Skipan nemendaverndarráðs.

Skólastjóri skipar nemendaverndarráð til eins árs í senn og er ábyrgur fyrir starfrækslu ráðsins sem skal taka mið af aðstæðum í hverjum skóla. Skólastjóri eða fulltrúi hans stýrir starfi nemendaverndarráðs.

Í nemendaverndarráði grunnskóla eiga sæti skólastjóri og/eða fulltrúi sem hann tilnefnir, umsjónaraðili kennslu nemenda með sérþarfir, fulltrúi skólaheilsugæslu, fulltrúi sérfræðiþjónustu sveitarfélags og náms- og starfsráðgjafi. Einnig geta fulltrúar frá félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöldum tekið þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til.

19. gr.

Vísun mála til nemendaverndarráðs.

Fái nemandi ekki fullnægjandi aðstoð vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika skal umsjónarkennari vísa málinu skriflega til nemendaverndarráðs. Fulltrúar í nemendaverndarráði geta haft frumkvæði að því að mál einstakra nemenda séu tekin upp í ráðinu.

Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðiþjónustu skólans geta óskað eftir því við skólastjóra eða fulltrúa hans í nemendaverndarráði að mál einstakra nemenda eða nemendahópa verði tekin fyrir í ráðinu.

Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til skólastjóra eða nemendaverndarráðs og leita eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur.

Nemendaverndarráð skal taka fyrir málefni sem vísað er til ráðsins eins fljótt og auðið er.

20. gr.

Starfshættir nemendaverndarráðs.

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um nauðsynlegar ráðstafanir, umbætur eða aðgerðir getur skólastjóri falið aðilum innan ráðsins að fylgja málinu eftir ef nauðsyn krefur.

Fara skal með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli um þagnarskyldu og gildandi lög um persónuvernd. Þeir sem sitja í nemendaverndarráði skulu gæta þagnarskyldu um atriði sem varða einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga sem þeir fá vitneskju um og leynt eiga að fara. Þagnarskylda nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.

Nemendaverndarráð setur sér starfs- og verklagsreglur þar sem m.a. er kveðið á um tíðni funda ráðsins. Halda skal fund í nemendaverndarráði ef a.m.k. tveir fulltrúar í ráðinu óska þess. Fundir skulu færðir til bókar.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

21. gr.

Kæruheimildir.

Ákvarðanir um rétt einstakra nemenda í leikskóla, sem teknar eru á grundvelli 22. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, eru kærnanlegar til mennta- og menningarmálaráðherra samkvæmt fyrirmælum 30. gr. sömu laga.

Synjun skólastjóra á beiðni foreldra um greiningu á grunnskólastigi skv. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla er kærnanleg til ráðherra samkvæmt fyrirmælum 47. gr. sömu laga. Ráðuneytið getur í úrskurði mælt fyrir um að tilteknum nemanda skuli veitt greining.

Ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sveitarfélags í samráði við foreldra, í framhaldi af niðurstöðu

greiningar, eru ekki kæránlegar til ráðherra, þ.e. ákvarðanir um úrræði og aðra eftirfylgni greiningar.

22. gr.

Sérfræðipjónusta í sjálfstætt rekrum skólum.

Leik- og grunnskólar eiga rétt á sérfræðipjónustu sveitarfélags óháð rekstrarformi skóla.

Um sérfræðipjónustu í sjálfstætt rekrum grunnskólum fer að öðru leyti samkvæmt samningi sem gerður er milli sveitarfélags og viðkomandi skóla sem hlotið hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. 43. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

23. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 21. gr. og 22. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir um sérfræðipjónustu skóla nr. 386/1996, reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 388/1996 og reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 25. júní 2010.

Katrín Jakobsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 15. júlí 2010

Ásta Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.

Nr. 986 2. desember 2010

1. gr.

Í stað orðsins „ávallt“ í 4. mgr. 19. gr. kemur: að jafnaði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 2. desember 2010.

Katrín Jakobsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2010

Ásta Magnúsdóttir.

3. Aðalnámskrá grunnskóla 2011¹¹

Í aðalnámskrá grunnskóla er að finna nánari útfærslu á ákvæðum laga um grunnskóla og reglugerða um nám og kennslu í grunnskóla.

Fyrstu þrjú kaflar aðalnámskrárinnar eru sameiginlegir fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þeir eru:

1. Hlutverk aðalnámskrár

Aðalnámskrá byggir á lögum um leikskóla (nr. 90/2008), grunnskóla (nr. 91/2008) og framhaldsskóla (nr. 92/2008). Aðalnámskrá er rammi um skólastarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögnum.

Aðalnámskrá er ætluð stjórnendum, skóla, kennurum og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veitir hún nemendum, foreldrum þeirra, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Segja má að aðalnámskrá sé samningur þjóðarinnar við sjálfa sig um menntamál.

¹¹ <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Hlutverk aðalnámskrár er margþætt:

- Aðalnámskrá birtir menntastefnu stjórnvalda, námsframboð og námskröfur og ber skólum og starfsmönnum þeirra að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu skólastarfs. Aðalnámskrá á því að tryggja börnum og ungmennum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu.
- Aðalnámskrá er helsta stjórnþætti fræðslufirvalda til að tryggja samræmi og samhengi skólastarfs við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er ein meginforsenda þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum og framkvæmd skólastarfs.
- Aðalnámskrá markar starfsramma stjórnenda, kennara og starfsfólks einstakra skóla við skipulagningu, framkvæmd og mat á skólastarfi sem þeim er skylt að útfæra, m.a. í skólanámskrá.
- Aðalnámskrá veitir nemendum og forráðamönnum þeirra upplýsingar um gæðakerfi og helstu viðmið sem starfsemi skóla byggist á. Hún er grundvöllur mats á skólastarfi og námsmats í skólum. Námskráin er ætlað að veita kennurum, nemendum og foreldrum þeirra, upplýsingar um menntun barna og ungmenna á hverju skólastigi. Námskráin er einnig til hliðsjónar fyrir þá sem annast menntun kennara og annars starfsfólks skóla svo og þá sem vinna við gerð námsgagna, stunda rannsóknir og annast úttektir á skólastarfi.

1.1 Sameiginlegur hluti aðalnámskrár

Ýmsir þættir sem fjallað er um í aðalnámskrá eru sameiginlegir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Kaflar 1–3 eru sameiginlegir í námskrám skólastiganna þriggja en þar er fjallað um stefnumið menntakerfisins, um almenna menntun og markmið skólakerfisins, um grunnþætti menntunar og um mat á skólastarfi. Lögð er áhersla á sveigjanleika og samfellu í skólakerfinu, bæði í inntaki og starfsháttum. Jafnframt er lögð áhersla á skólaþróun og sameiginlega þætti í fagmennsku kennara á öllum skólastigum.

Í almennum hluta aðalnámskráa leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er lýst hlutverki hvers skólastigs og sérstakri áherslu í námi og kennslu á hverju þeirra; markmiðum, viðfangsefnum og starfsháttum. Í skólanámskrám sem gefnar eru út í einstökum skólum er stefna aðalnámskrár útfærð í samræmi við stefnu á hverjum stað, nemendahóp, faglega áherslu og sérkenni í hverju tilviki.

1.2 Hlutverk skóla

Skólar eru menntastofnanir og hlutverk þeirra er skilgreint í löggjöf um menntun. Skólar landsins mynda samstæða heild, skólakerfi, sem tryggja skal samræmi og samhengi í menntun frá leikskólum til háskóla og fullorðinsfræðslu. Lögð er áhersla á heildstæða menntastefnu en skýr skil á milli skólastiga þannig að nemendur geti flust eðlilega á milli leikskóla og grunnskóla og á milli grunnskóla og framhaldsskóla í samræmi við einstaklingsbundna námsstöðu og þroska. Einnig skulu nemendur eiga þess kost að stunda nám á tveimur skólastigum samtímis henti það námi þeirra. Á hverju skólastigi er stefnt að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Meginhlutverk leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er að stuðla að almennri menntun þegnanna. Skólarnir skulu leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir barna og ungmenna. Skólastarfið miðar að virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi innan skólans og utan.

Inntak og viðfangsefni skólastarfsins er sett fram í námssviðum, námsgreinum eða námsáföngum. Rétt er að hafa í huga að námssvið, námsgreinar og námsáfangar eru ekki markmið í sjálfu sér heldur hjálpartæki til að stuðla að merkingarbæru námi og ná markmiðum skólastarfsins. Í aðalnámskrám skólastiganna eru því skilgreind markmið í samræmi við sérkenni hvers skólastigs, aldur og þroska barna og ungmenna.

Í skipulagi og viðfangsefnum skólastarfsins og í starfsháttum skólanna skal lögð rækt við námsumhverfi og samskipti sem stuðla að almennri menntun. Almenn menntun er grundvöllur starfsmenntunar og annarrar sértækrar menntunar. Nám og menntun á sér stað víðar en í skólum.

Menntun er ævilangt ferli. Mikilvægt er að skólarnir styðji við námshvöt nemenda sinna, rækti námsgleði og vinnuanda og stuðli þannig að menntun þeirra.

Starfshættir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og samskipti barna og ungmenna innbyrðis og við kennara sína eru ekki síður en viðfangsefni kennslustunda mikilvæg til að ná markmiðum skólanna og stuðla að velferð, námi og menntun. Starfshættir skólanna skulu mótast af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð.

1.3 Fagmennska kennara

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi. Kennarastéttin spannar mörg hlutverk í skólakerfinu, s.s. kennslu, stjórnun, uppeldi, ráðgjöf, rannsóknir og þróunarstörf. Þannig teljast t.d. skólastjórnendur, sérkennarar og námsráðgjafar til kennarastéttarinnar. Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara á öllum skólastigum.

Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Markviss samskipti og góð kennsla stuðlar að námi og aukinni hæfni barna og ungmenna. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennarar leiðbeina börnum og ungmennum í námi og mati á því og vinna að því að þeir tileinki sér heilbrigða lífshætti. Þeir leitast við að skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi.

Í upphafi 21. aldar hafa orðið gagngerar breytingar í íslensku samfélagi sem hafa bein og óbein áhrif á skólakerfið og þá um leið nám nemenda og störf kennara. Hvort sem litið er til efnahags eða atvinnumála, félagsmála og fólksflutninga eða tækni og samskipta má finna deiglu og breytingar sem hafa áhrif á menningarlíf og þekkingu, menntun og uppeldi. Það má til sanns vegar færa að breytingar í íslensku samfélagi undanfarin ár hafi verið mjög hraðar og því aukast kröfur til skóla um að aðstoða samfélagið við að átta sig á breytingunum og takast á við nýjar aðstæður. Allt þetta eykur kröfur til kennarastéttarinnar, bæði til að greina samfélagsbreytingar og til að fella starfsemi skólanna að þeim á ábyrgan hátt.

Kennarar vinna í samráði við skólastjórnendur að þróun skólanámskrár í samræmi við aðstæður og sérstaka áherslu á hverju skólastigi. Það er á ábyrgð kennara að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrirmæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá.

2. Almenn menntun

2.1 Gunnþættir menntunar:

- 2.1.1 Læsi
- 2.1.2 Sjálfbærni
- 2.1.3 Lýðræði og mannréttindi
- 2.1.4 Jafnrétti
- 2.1.5 Heilbrigði og velferð
- 2.1.6 Sköpun
- 2.2 Hæfni
- 2.3 Náms hæfni

3. Mat og eftirlit:

Mat er órjúfanlegur þáttur í starfi skóla og námi barna og ungmenna. Námsmat veitir upplýsingar um árangur barna og ungmenna við að uppfylla markmið náms, örvar þau til frekari dáða og nýtist kennurum og starfsfólki við að stuðla að frekari framförum í námi. Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna og ungmenna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

3.1 Námsmat

Mat á árangri og framförum barna og ungmenna er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa.

Námsmat miðar að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi sem má hafa að leiðarljósi við skipulagningu náms. Til að geta gegnt þessu margþætta hlutverki þarf námsmat að uppfylla þau skilyrði að vera réttmætt og áreiðanlegt. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem það á að meta á áreiðanlegan hátt.

Námsmat í skólanámskrá og starfsáætlun skóla

Gera skal grein fyrir viðmiðum námsmats og umsagna í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar. Nemendur, foreldrar, kennarar og aðrir starfsmenn skóla þurfa að geta skilið niðurstöður námsmats á svipaðan hátt. Það er forsenda þess að unnt sé að nýta upplýsingarnar til að bæta nám og kennslu.

Fjölbreyttar matsaðferðir

Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim. Því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær skulu vera í samræmi við hæfniviðmið, endurspeglar áherslur í kennslu og taka mið af nemendum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af viðmiðum í aðalnámskrá.

Kennarar þurfa að hjálpa börnum og ungmönnum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

Tilhögun námsmats þarf að vera fjölbreytt og í samræmi við áherslur í skólastarfi og höfða til sem flestra námsþátta. Þannig skal meta munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, myndræn, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklingsverkefni og hópverkefni, verkefni sem unnin eru á afmörkuðum tíma og óafmörkuðum og próf af ýmsu tagi. Mappa eða vinnubók, þar sem safnað er saman verkefnum og úrlausnum, t.d. með rafrænum hætti, getur hentað vel til að fá yfirsýn yfir það hversu vel nemandinn hefur unnið og gefið vísbendingar um ástundun, virkni, vinnubrögð, framfarir nemenda og félagsfærni. Námsmat þarf að taka tillit til þarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra. Skólum ber að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi í þessu efni. Þessir nemendur skulu eiga kost á frávikum frá almennu námsmati, t.d. lengri próftíma, sérhönnuð próf, notkun hjálpargagna, aðstoð og munnlegt námsmat.

3.2 Mat á skólastarfi:

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þrjúþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögnum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Skólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati sínu en ráðuneytið og eftir atvikum sveitarfélög annast ytra mat á skólum. Ytra mat felst m.a. í úttektum á skólastarfi í heild eða einstökum þáttum þess, stofnanaúttektum, úttektum á námsgreinum og námsþáttum og eftirliti með innra mati skóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber jafnframt ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum þar sem við á. Þá ber ráðuneytinu að fylgjast með stöðu og

þróun menntakerfisins. Í þeim tilgangi safnar ráðuneytið margvíslegum upplýsingum um skólahald, m.a. með þátttöku í alþjóðlegum könnunum á námsárangri og öðrum þáttum skólastarfs.

Ráðuneytið gerir áætlun um úttektir á öllum skólastigum og birtir þær á vef sínum. Einnig gefur ráðuneytið út ítarlegar leiðbeiningar um innra mat sem skólar geta nýtt sér kjósi þeir það.

Aðalnámskrá myndar grunnviðmiða sem mat á skólastarfi hvílir á en í skólanámskrá útfærir skólinn nánar þau markmið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá og eftir atvikum í skólanámskrám. Mikilvægt er að innra og ytra mat á skólum nái til allra lögbundinna markmiða skólastarfsins, þ.m.t. hlutverks skóla að styrkja nemendur til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun nemenda, samskiptahæfni og fleiri atriði sem m.a. tengjast grunnþáttum menntunar.

3.2.1 Innra mat

Í vinnu við innra mat skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Þær upplýsingar og þau gögn, sem eru lögð til grundvallar matinu, taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Leggja þarf mat á markmið og leiðir með reglubundnum hætti. Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi skólans og það sem betur má fara. **Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats eru umbætur síðan skilgreindar og skipulagðar.** Skóli birtir opinberlega upplýsingar um niðurstöður innra mats og áætlanir um umbætur. Persónulegar upplýsingar eru þó undanþegnar birtingu.

3.2.2 Ytra mat

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og eftir atvikum sveitarfélög bera ábyrgð á ytra mati leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, samkvæmt sérstakri reglugerð. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir áætlanir til þriggja ára um ytra mat, kannanir og úttektir, sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd skólahalds í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Áætlanirnar eru endurskoðaðar árlega og eru birtar á vef ráðuneytisins.

Ráðuneytið gerir áætlun fyrir hverja úttekt þar sem fram kemur tilgangur úttektar, helstu viðmið og áherslur. Það fær óháða sérfræðinga til að sjá um framkvæmd úttekta og fer val á þeim samkvæmt verklagsreglum ráðuneytisins. Skólum, og eftir atvikum sveitarstjórnunum, er gert viðvart skriflega um væntanlega úttekt með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Ytra mat skal byggjast á fjölbreyttum gögnum og upplýsingum, svo sem niðurstöðum innra mats og öðrum skriflegum gögnum frá skólum, heimsóknunum í skóla og viðtölum eftir því sem við á og athugun á kennslu. Skólum ber að upplýsa úttektaraðila sem best um þá þætti skólastarfsins sem úttektin beinist að.

Úttektaraðilar skila ráðuneytinu skýrslu með niðurstöðum sínum. Áður en úttektarskýrsla er send ráðuneytinu fær viðkomandi skóli tækifæri til að gera efnislegar athugasemdir. Athugasemdir skóla skal birta sem viðauka með skýrslu ef þess er óskað. Ytra mat er opinbert og skulu niðurstöður þess birtar á vefsvæðum skólans og ráðuneytisins eða með öðrum opinberum hætti. **Jafnframt skal, eftir því sem við á, birta áætlanir sveitarstjórnar og skóla um úrbætur í kjölfar úttekta á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Niðurstöðum ytra mats skal fylgt eftir með markvissum hætti.**

Ráðuneytið óskar eftir viðbrögðum framhaldsskóla og sveitarfélaga við niðurstöðum ytra mats. Á grundvelli þeirra viðbragða ákveður ráðuneytið til hvaða aðgerða verður gripið.

4. Hlutverk grunnskóla

5. Almenn menntun í grunnskóla

6. Grunnþættir í menntun og áhersluþættir í grunnskólalögum

6.1 Þekking, leikni og hæfni

7. Nám og kennsla

7.1 Nám við hæfi hvers og eins

7.2 Jöfn tæknifæri til náms

7.3 Nám í skóla án aðgreiningar

7.4 Nemendur njóti barnsku sinnar

7.5 Hlutverk kennara

Meginhlutverk kennarans er kennslu- og uppeldisfræðilegt starf með nemendum, að vekja og viðhalda áhuga þeirra á námi, veita þeim handleiðslu á sem fjölbreytilegastan hátt og stuðla að góðum starfsanda og vinnufrið meðal nemenda. Þessu hlutverki má einnig lýsa sem forystuhlutverki; að vera leiðtogi í námi nemandans. Þetta felur í sér áherslu á að skapa nemendum frjóar og fjölbreytilegar námsaðstæður. Vönduð kennsla, sem lagar sig að þörfum og stöðu einstakra nemenda í skóla án aðgreiningar, eykur líkur á árangri. Mikilvægt er að kennarar vinni saman að menntun nemenda eftir því sem framast er kostur og að kennsla og uppeldi verði ekki aðgreind allt frá upphafi til loka grunnskóla.

Hver nemandi skal hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari tekur öðrum starfsmönnum fremur ábyrgð á námi nemenda sinna, þroska þeirra, líðan og velferð. Umsjónarkennari leggur sig fram um að kynnast nemendum sínum sem best, foreldrum þeirra og aðstæðum. Hann vinnur náið með þeim kennurum sem kenna nemendum í hans umsjá, safnar saman upplýsingum og kemur þeim áleiðis innan skóla og til foreldra í þeim tilgangi að gera foreldrum kleift að taka þátt í ákvörðunum sem varða barn þeirra og skólastarfið. Umsjónarkennari gegnir lykilhlutverki í farsælu samstarfi heimila og skóla og er megintengiliður milli skóla og heimila.

7.6 Skólabragur

7.7 Samstarf heimila og skóla

7.8 Forvarnir

7.9 Tengsl skóla og nærsamfélags

7.10 Sérfræðiþjónusta í grunnskólum

7.11 Náms- og starfsráðgjöf

8. Inntak og skipulag náms

8.1 Kennsla

Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlast þannig þá hæfni sem stefnt er að í menntun.

Í skóla án aðgreiningar á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja árangursríkustu leiðirnar til að ná sem bestum árangri í samræmi við hæfniviðmið sem stefnt er að hverju sinni. Við val á kennsluaðferðum og vinnubrögðum ber að taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga og eðlis viðfangsefnisins. Vönduð kennsla, sem lagar sig að þörfum og stöðu einstakra nemenda í skóla án aðgreiningar, eykur líkur á árangri.

Kennsluaðferðir og vinnubrögð í skólanum eiga að þjóna þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að. Sem dæmi má nefna að þau sem lúta að eflingu siðferðis- og félagsþroska, lýðræðislegri þátttöku og borgaravitund, verður t.d. því aðeins náð með því að efla siðfræði og félagsfærni nemenda á markvissan hátt og stuðla að jákvæðum skólabrag sem einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum, samstarfi og samvinnu.

Val á kennsluaðferðum og skipulag skólstarfs verður að miðast við þá skyldu grunnskóla að sjá hverjum nemanda fyrir bestu tækifærum til náms og þroska. Kennslan verður að taka mið af þörfum og reynslu einstakra nemenda og efla með nemendum áhuga og vinnugleði. Kennsluhættir skulu taka mið af jafnrétti og jafnræði og mega ekki mismuna nemendum, t.d. eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

8.2 Námsgögn

8.3 Val og valgreinar

8.4 Námsgreinar og námssvið

8.5 Viðmiðunarstundaskrá

9. Námsmat í grunnskóla

9.1 Markmið með námsmati í grunnskóla

Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólstarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir, sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

9.2 Námsmat í skólanámskrá og starfsáætlun skóla

Gera skal grein fyrir námsmatsviðmiðum og matskvarða í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar. Þeir sem í hlut eiga; nemendur, foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla, þurfa allir að geta skilið niðurstöður námsmats á svipaðan hátt. Það er forsenda þess að unnt sé að nýta upplýsingarnar til að bæta nám og kennslu.

9.3 Fjölbreyttar matsaðferðir

Markmið skólstarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim og því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær verða að hafa hæfniviðmiðum, endurspeglu áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Það þýðir að meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum í aðalnámskrá.

9.4 Viðmið um námsmat í grunnskóla

Í námsmati í grunnskóla skal leggja mat á hæfni nemenda innan hvers námssviðs og á það við jafnt í bóklegu námi, verk- og listnámi. Í köflum um námsgreinar eða námssvið í aðalnámskrá verða útfærð viðmið um mat á viðkomandi námssviði. Einnig skal innan hvers námssviðs leggja mat á hæfni nemenda sem byggist á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Slík hæfni er nefnd lykilhæfni við námsmat í lok grunnskóla.

Viðmið um mat á lykilhæfni í grunnskóla eru sett fram í fimm liðum sem eru sameiginlegir öllum námssviðum:

- Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
- Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áráðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.
- Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
- Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.
- Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

9.5 Tengsl við hæfniþrep í framhaldsskóla

9.6 Námsmat þarf að fara fram jafnt og þétt á námstímanum

Kennarar þurfa að hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skal stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

9.7 Fjölbreytni í námsmati

Form námsmatsverkefna þarf að vera fjölbreytt og í samræmi við kennslutilhögun og höfða til sem flestra matsþátta. Þannig skal meta munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, myndræn, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklingsverkefni og hópverkefni, verkefni sem unnin eru á afmörkuðum tíma og óafmörkuðum og próf af ýmsu tagi. Mappa eða vinnubók, þar sem nemandi safnar saman verkefnum og úrlausnum, t.d. með rafrænum hætti, getur hentað vel til að fá yfirsýn yfir það hversu vel nemandinn hefur unnið, ástundun, virkni, vinnubrögð, framfarir nemenda og félagsfærni.

Námsmat þarf að taka tillit til sérþarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra. Skólum ber að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi nemenda í þessu efni. Þessir nemendur eiga rétt á að námsmat sé lagað að þörfum þeirra, m.a. með lengri próftíma, sérhönnuðum prófum, notkun hjálpargagna, aðstoð og munnlegu námsmati. Eigi nemendur við lestrarörðugleika að stríða er æskilegt að leggja verkefni fyrir þá munnlega eða með öðrum viðeigandi hætti í samræmi við sérþarfir nemandans.

9.8 Samræmt námsmat í grunnskólum

9.9 Stöðluð próf og skimunarpróf í grunnskóla

9.10 Brautskráning úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið

10. Mat á grunnskólastarfi

10.1 Innra mat í grunnskóla

10.2 Ytra mat í grunnskóla

11. Skólaþróun

Skólastarf þarf að vera í sífelldri mótun. Ný þekking á sviði uppeldis og menntunar kallar á endurskoðun, sama má segja um nýja þekkingu innan þeirra fræðasviða sem eru bakhjarlar námssviða og námsgreina. Breyttar þjóðfélagsaðstæður og tækninýjungar knýja einnig á um breytingar. Samstarf og samhæfing eru lykilatriði í farsælu þróunarstarfi á sviði skólamála. Yfirvöld menntamála, sveitarstjórnir, sérfræðiþjónusta, skólastjórnendur og kennarar bera sameiginlega ábyrgð á því að skólastarf sé í stöðugri endurskoðun og umbótaviðleitni einkenni störf þeirra sem þar deila ábyrgð. Skólaþróun er skipuleg, markviss og stöðug viðleitni til umbóta í skólum. Öll skólaþróun hefur hag barna að leiðarljósi.

11.1 Skólastefna sveitarfélaga

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög móti skólastefnu sem tekur mið af aðstæðum á hverjum stað og þeim áherslum sem þau vilja hafa að leiðarljósi. Miklu varðar að stefnumótun sveitarfélaga sé unnin í víðtæku samstarfi flestra þeirra sem málið varðar með beinum hætti. Má þar nefna skólanefnd, foreldra, nemendur, stjórnendur, kennara og annað starfsfólk skóla svo og aðra aðila sem skólastefna nær til og hefur áhrif á. Stefna sveitarfélags þarf að gefa einstökum stofnunum sem eftir henni starfa svigrúm til faglegra ákvarðana. Sjálfstætt reknir skólar hafa sínar eigin áherslur og leiðarljós til hliðsjónar við þróun skólastarfs innan þess ramma sem þjónustusamningur veitir.

11.2 Stefna einstakra skóla

Í skólanámskrá birtist menntastefna viðkomandi skóla. Þar er því lýst hvernig staðið er að þróunar- og umbótastarfi innan skólans. Menntastefna yfirvalda og stefna sveitarfélags marka einstökum skólum

ramma til að starfa innan. Skólaþróun er samvinnuverkefni starfsmanna, foreldra og nemenda og vinnulag þarf að taka mið af því.

Innra mati skóla er ætlað að stuðla að umbótum. Innra mat dregur fram styrkleika og veikleika og á þeim grunni er unnt að forgangsraða þeim verkefnum sem brýnt er að unnið sé að. Niðurstöður innra mats geta einnig verið hvati að þróunarstarfi í skólum.

Ný þekking er önnur uppspretta þróunarstafs. Símenntun starfsmanna getur verið aflvaki slíkrar þekkingar sem á rætur í fræðilegri framvindu og rannsóknum. Stefna skóla og símenntunaráætlanir fyrir skólann í heild eða einstaka starfsmenn þurfa að vera í samræmi við umbótaáætlanir og styðja við þær.

Skólaþróun byggist bæði á viðhorfum og verklagi. Skóli, sem mótar áætlanir nokkur ár fram í tímann, á auðveldara um vik en ella að afmarka einstök viðfangsefni og fella þau að heildarstefnu skólans. Fagleg forysta og markviss leiðsögn er ein meginforsenda fyrir árangursríku þróunarstarfi.

12. Skólanámskrá og starfsáætlun skóla

12.1 Skólanámskrá

13. Ábyrgð og skyldur nemenda, starfsfólks og foreldra

13.1 Ábyrgð nemenda og skyldur

13.1.1 Ábyrgð nemenda á eigin námi

13.1.2 Ábyrgð nemenda á framkomu og samskiptum

13.1.3 Tjáningarfrelsi

13.2 Ábyrgð og skyldur starfsfólks

13.2.1 Fagmennska og alúð

Í því felst að starfsfólk komi til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda og sinni þeim af alúð. Þetta gerir starfsfólk með því að ígrunda starfið reglulega, leita nýrra leiða, afla sér nýrrar þekkingar og sýna þannig stöðuga viðleitni til að læra og gera betur. Mikilvægt er að starfsfólk sýni nærgætni við nemendur, foreldra og samstarfsfólk í hvívetna.

13.2.2 Jákvæður skólabragur

Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemanda og öryggi að leiðarljósi. Stjórnendur skóla kosti kapps um að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum og taka sérstaklega mið af aldri og þroska nemenda í því sambandi.

Starfsfólk skóla skal leggja áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda, góða umgengni, jákvæð samskipti, sáttfýsi, umburðarlyndi og kurteisi. Einnig skal lögð áhersla á að styrkja sjálfmynd nemenda, efla sjálfsvirðingu þeirra og virðingu gagnvart öðrum, eigum annarra og umhverfinu.

13.2.3 Þagmælska

Mikilvægt er að starfsfólk gæti fyllstu þagmælsku um hagi barna í öllum samskiptum við þau, foreldra þeirra og starfsfólk innanhúss sem utan. Starfsfólki ber að gæta trúnaðar um þau atriði sem það fær vitneskju um og snertir nemendur eða foreldra þeirra og hafa hag nemenda að leiðarljósi. Þessi þagmælska nær þó ekki til þeirra atvika sem ber að tilkynna lögreglu eða barnaverndaryfirvöldum samkvæmt lögum.

13.3 Ábyrgð og skyldur foreldra

14. Tengsl heimila og skóla

- 14.1 Upplýsingamiðlun
- 14.2 Foreldrafélög
- 14.3 Skólaráð

15. Tengsl skólastiga

- 15.1 Tengsl leik- og grunnskóla
 - 15.1.1 Upplýsingar milli skólastiga
 - 15.1.2 Samstarf
- 15.2 Tengsl grunn- og framhaldsskóla

16. Undanþágur frá aðalnámskrá

- 16.1 Undanþága frá skólasókn
- 16.2 Viðurkenning náms utan grunnskóla
- 16.3 Samræmd könnunarpróf
- 16.4 Þróunarskólar
- 16.5 Heimakennsla
- 16.6 Sjúkrakennsla
- 16.7 Fjar- og dreifnám
- 16.8 Undanþága frá skyldunámi

4. Yfirlit yfir fjárveitingar til Sprotasjóðs, Þróunarsjóðs námsgagna og Námsgagnasjóðs, þróun fjárveitinga.

Sprotasjóður¹² er sameiginlegur sjóður fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá, samkvæmt 15. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla, 34. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 53. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla. Kveðið er á um hlutverk sjóðsins í reglugerð nr. 242/2009.

Ár	Samtals umsóknir	Heildarupphæð sem sótt var um	Úthlutunarupphæð	Fjöldi verkefna
2009	143	250 m.kr.	44 m.kr.	44
2010	128	252 m.kr.	44,78 m.kr.	47
2011	127	305 m.kr.	44 m.kr.	34
2012	189	400 m.kr.	43 m.kr.	46
2013	115	227 m.kr.	45 m.kr.	40
2014	124	259 m.kr.	50 m.kr.	37
2015	172	360 m.kr.	49 m.kr.	45

¹² sprotasjodur.is

Þróunarsjóður námsgagna¹³ starfar samkvæmt lögum um námsgögn nr. 71/2007 og reglugerð um sjóðinn nr. 1268/2007. Hlutverk er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla í því markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla.

Ár	Fjöldi umsókna	Heildarupphæð sem sótt var um	Úthlutunarupphæð	Fjöldi verkefna
2008	131	159 m.kr.	56,3 m.kr.	66
2009	134	200 m.kr.	61,44 m.kr.	56
2010	175	254 m.kr.	66,38 m.kr.	79
2011	150	125 m.kr.	40,26 m.kr.	64
2012	140	123 m.kr.	44,45 m.kr.	47
2013	144	190 m.kr.	43,84 m.kr.	35
2014	162	216 m.kr.	48,08 m.kr.	38
2015	124	164 m.kr.	48,34 m.kr.	35

Námsgagnasjóður¹⁴ hefur það hlutverk að leggja grunnskólum til viðbótarfé til námsgagnakaupa. Með tilkomu sjóðsins er grunnskólum tryggt aukið svigrúm til námsgagnakaupa til viðbótar við úrval Námsgagnastofnunar. Námsgagnasjóður starfar skv. reglugerð um sjóðinn nr. 1111/2007. Fram til ársins 2012 var framlag í Námsgagnasjóð ákveðið í fjárlögum ár hvert. Samkomulag um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var gert í október 2011. Eitt af þeim verkefnum samkvæmt samkomulaginu sem færðust frá ríki til sveitarfélaga var fjármögnun og rekstur Námsgagnasjóðs. Umsýsla sjóðsins sem hafði frá upphafi verið hjá menntamálaráðuneyti færðist til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram árið 2007. Vegna niðurskurðar voru framlög til sjóðsins skert.

Í töflunni eru framlög til sjóðsins frá 2007:

Ár	Framlag í m.kr.
2007	100
2008	100
2009	50
2010	60
2011	40
2012	40
2013	40
2014	54

¹³ rannis.is

¹⁴ Ársskýrsla Námsgagnasjóðs 2013-2014. Á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga samband.is